


Guðirnir á Síríusi

Vitranir úr himingeimnum

Frásögn K.O. Schmidts




ÚTGEFANDI: LÍFGEISLAÚTGÁFAN

Guðirnir á Sírfusi

Stundir á Sírfusi

Í þessum bókum hefur höfundur sýnt á milli annars og annars af guðum sína og þessum sem hann hefur átt samband við. Þetta er einn af þeim bókum sem höfundur hefur skrifað og er hann mjög stoltur af því. Þetta er einn af þeim bókum sem höfundur hefur skrifað og er hann mjög stoltur af því. Þetta er einn af þeim bókum sem höfundur hefur skrifað og er hann mjög stoltur af því. Þetta er einn af þeim bókum sem höfundur hefur skrifað og er hann mjög stoltur af því.



Himinstjarnan Sírius.

Með berum augum sýnist Sírius vera ein stjarna, — en í sterkum sjón-
auka aðgreinist hún í tvær sólstjörnur: Sírius A, sem er mjög björt
sól, og Sírius B, sem er „hvít dvergsól“. Sírius A og B svara til „Íva“
og „Anú“ í vitruninni. Reikistjarnan Magna ætti eftir því að ganga um
aðra þessara sólna, en njóta birtu frá báðum. — Ljósíð frá Sólu er
átta ár og níu mánuði að berast til Síriusar, og ljós Síriusar er jafnlengi
á leiðinni hingað til jarðar. Ljósmynd frá: Asociación Astronómica de
sabadell, Barcelona. — Krossálmurnar eru aðeins ljósfyrirbæri.

K. O. SCHMIDT

Guðirnir á Síríusi

Vitranir úr himingimnum

PÝÐANDI: ÞORSTEINN GUÐJÓNSSON

LÍFGEISLAÚTGÁFAN — REYKJAVÍK 1978

K. O. SCHMIDT

Gudinnir á Strúsi

Vísantir til þinggerðanna

FRYBAGT: FÖRSTAFR. GUDNASEN

FORMPRENT SF. PRENTAÐI



K. O. Schmidt (1904—1977).

EFNISYFIRLIT

Hvernig þessi frásögn varð til	Bls. 9
GUÐIRNIR Á SÍRÍUSI	— 21
Úr órafjarska	— 23
Magnar	— 29
Í hringrás áramilljónanna	— 38
Heili hnattageimsins	— 47
Ríki stjarnheima	— 56
Satjar	— 69
Hamingja fullvissunnar	— 76
Eftirmáli þýðanda	— 83
Hver var K. O. Schmidt? Bls. 85 — Hvað er sannleikur? Bls. 89 — Hvað á vantar Bls. 93	
Þú mikli guð (kvæði)	— 95

Hvernig þessi frásögn varð til

Fram til þessa höfum við mennirnir talið okkur vera drottna lífsins og jarðarinnar. Það vorum við sem urðum vitni að undrum lífsins, réðum ótaldar gátur dýraríkis og jurtalífs, opnuðum útsýni til víðáttu geimsins, sviftum hulunni af kjarna öreindanna, renndum grun í hin duldustu öfl . . .

. . . Frá hverju því aðsetri siðmenningarinnar sem skapast náði í aldanna rás, héldu menn út til að nema og finna ókunn lönd, kynnast nýjum þjóðum, fundu síðan hnattlögum jarðar, sóttu fram til heimskautanna, fóru loks að skilja víðáttur sólhverfisins og vetrarbrautarinnar, — þessar „eyju í geimnum“, sem sólnasamband vort er með sínum milljörðum sólna. Og nú sjáum við í stjörnusjám okkar milljónir á milljónir ofan vetrarbrauta og sólnasveipa sem hringdansa geiminn um víðáttur ljósáramilljarðanna svo langt sem geislar þeirra ná að bera sín boð.

Okkur hefur lært að beizla krafta náttúrunnar, og að lokum að ná tökum á þeim furðulegu kröftum sem frum eindirnar búa yfir. Við hrundum í framkvæmd möguleikunum til geimferða og teljum nú þessi afrek mannlegs anda veita okkur rétt til þess að kalla okkur drottna veraldarinnar.

En þin stórkostlegasta allra uppgötvana biður okkar enn: að gera okkur ljóst að við höfum fyrir löngu verið uppgötvaðir af öðrum, þar sem eru hinir lengrakomnu íbúar annarra stjarnheima, og að nánar gætur hafa verið á okkur hafðar þaðan. Þar eru þeir, sem oft munu leiða hugann að því hvenær sá tími komi, að unnt verði að veita íbúum jarðar upptöku í Samband Vetrarbrautarinnar. En slík upp-

taka myndi þýða, að hraðað yrði allri framþróun jarðarinnar, samfara aukinni hlutdeild hennar í menningar- og framfarararfi háþróaðra mannkynja vetrarbrautarinnar, sem fyrir löngu hafa gert sér grein fyrir sambandi sínu við önnur mannkyn.

Það mun geta stuðlað að skilningi á þessu, að menn geri sér grein fyrir því, að íbúar annarra stjarna hafa á umliðnum öldum náð sambandi við *einstaka* Jarðarmenn, sem fyrir sérstakar ástæður og hæfileika voru móttækilegir fyrir hugsendingar utan úr geimnum. Slíkum mönnum var það veitt að sjá sýnir frá öðrum hnöttum, fá hlutdeild í því sem þar er og hafa þannig grun af því sem á að valda úrslitum og aldaskiptum í sögu Jarðarmannkynsins: það er innganga þess í Bandalag Vetrarbrautarinnar.

Hinir fyrstu neistar sambandsins voru þeir sem kveiktu af sér hugmyndaflug um möguleika lífs utan jarðarinnar, — í ritum eins og „Stjarnfræðilegum draumi“ Keplers allt fram til bókar Lasswitz: „Á tveimur reikistjörnum“. Síðan kom „flugdiska“-bylgjan, og nærri samtímis vísindaskáldsögur og geimferðasögur. Í slíkum sögum bar þó oft — þó að greina mætti þar glætu af vitund um hið æðra líf alheimsins — mest á jarðneskri og mannlegri ófullkomnun, sem hugur höfundanna var of bundinn við, og aðeins fáir og dreifðir geislar hins fullkomnara lífs náðu að skína í gegnum. Engu að síður er hér um að ræða tildrög þess að hugsað verði til stjarnanna meir en áður.

Til voru þó og til eru enn sannari lýsingar á veruleika lífsins á öðrum stjörnum og möguleikum þess í hinum mikla alheimi.

Þegar á dögum hinna fornu „Atlendinga“ (íbúa Atlanzhafstranda), Indverja og Egypta, komu fram í prestastétt menn, sem vegna vakandi meðvitundar sinnar gagnvart mikilleika heimsins máttu teljast „stjarngæzlumenn“ („Astromantes“)

öðrum fremur. Þeir renndu grun í að viljaáhrifum stafaði utan úr hinu óravíða djúpi, og að kraftsveipir tengdust reiki- stjörnum þeim og sólstjörnum sem á himni sáust.

Ýmislegt grunaði þá um fjölbreytni lífsins í alheimi, og auðsætt er að þeir gátu veitt viðtöku fjarorkusendum hug- myndum og sýnum hinna lengrakomnu stjarnbúa. Í augum þeirra var alheimurinn lifandi heild og reikistjörnur og sólar virtist þeim að vera mundu fjarlægjar lífsstöðvar. Hugsanlegt er að arfur frá þeim sé enn til staðar í því fjölskrúðuga hug- myndasafni, sem nefnist stjörnuspafræði.

Þessir fornu „stjarngæzlumenn“ þuldu eitthvað í fræðum sínum um „meðvitund“ sólna og reikistjarna. Þá grunaði eðlisskyldleika milli hinnar „innri sólar“ og hinnar skínandi dagstjörnu, milli hins „innra sjálfs“ og al-sjálfs guðdómsins. . .

. . . Sumir þessara manna urðu trúarbragðahöfundar og spá- menn, en aðrir gerðust heimspekingar, skáld, listamenn, upp- finningamenn, eða menn sem víkkuðu sjóndeildarhring sinn á einn eða annan hátt — jafnvel þótt sumir þeirra gerðu sér ekki nema lítilliga grein fyrir hinum stjarnræna uppruna innsæis síns.

Ef til vill er ég einn af gerð þessara manna, því að í bernsku minni — fyrir meir en 60 árum — bar fyrir mig margar sýnir frá hinu lengra komna lífi á öðrum stjörnum, sem enga hliðstæðu á sér í lífi jarðarinnar, og komu þessar myndir fyrir hugarsjónir mínar eins og þær væru þrívíðattu- litmyndir. Aðeins hluta þess sem ég þá skynjaði eða hugði mig skoða og sjá, hef ég síðan skráð hjá mér.

Áður en þessar sýnir bar fyrir mig, dreymdi mig marga einkennilega drauma, og vil ég aðeins nefna hér einn þeirra:

. . . Í draumnum sá ég sjálfan mig — en sá draumur stóð mér áratugum saman óafmáanlegur fyrir hugskotssjónum — vera að flýja undan einhverju sem líktist fornaldar-skriðdýri.

Mér þótti ég vera ósköp smár, en það gerði dýrinu erfiðara fyrir hvað trén stóðu þétt í skóginum, og reyndi ég að leita skjóls að baki þeirra þegar svo bar undir . . .

. . . Á flóttanum leit ég sem snöggvast við, og rak ég þá fæturna í og hrasaði um trjábol, sem fallið hafði yfir mjóan troðninginn, og í fallinu rak ég nasirnar í sexstrendan kvist, sem síðan hefur orðið mér ógleymanlegur . . . Ég reis á fætur, og flýði enn sem fætur toguðu, unz ég var kominn út í jaðar skógarins . . .

Farið var að dimma af kveldi, og sá ég hvar borg ein mikil stóð í nokkurri fjarlægð, þar sem þúsundir turna teygðu sig til himins, en glampanði gluggar húsanna virtust gefa til kynna, að ljómi þeirra kæmi meir innan frá en utan. Á milli turnanna sveimuðu lítil farartæki, sem minntu á flugvagna, og hurfu þeir inn um kringlótt op á þessum turnum . . .

. . . Í þessum svifum máðist myndin út, og þó að mig héldi áfram að dreyma, varð ekkert framhald á því sem ég hafði þarna séð. Ég fann, að ég hvarf aftur til líkama míns og hryggð fór um huga minn af því að geta ekki fengið að kynnst fleiru af því sem þarna var að sjá . . .

Minningin um þessar draummyndir rifjaðist upp fyrir mér nokkrum árum síðar, skyndilega, í jarðfræðitíma í skólanum, þegar kennarinn hengdi upp myndaspjald, sem sýndi myndir úr dýralífi og plöntulífi steinkolatímans. Ósjálfrátt festi ég sjónir á sérstakri tegund trjáa á myndinni og eins og ég væri knúinn til þess, kallaði ég upp: „Herra kennari! Ég hef hrasað um tré eins og þetta þarna!“

Þegar kennarinn fór að láta í ljós háðskennda vantrú sína, reyndi ég að skýra honum frá draumreynslu minni, en slíkt afgreiddi hann hlæjandi sem hreinan heilaspuna, og eftir það vogaði ég mér ekki framur um þetta að tala.

Nú kem ég að *sambandssýnum mínum úr alheimi*, en það sem mér birtist af því tagi, var mér í fyrstu gersamlega óskiljanlegt. Undarlegast var það þó, og á því hef ég furðað mig mest fram á þennan dag, að við því sem ég sá og lifði í þessu sambandi, brást ég ekki sem *barn*, heldur sem *fullorðinn maður*.¹⁾ Það var eins og einhver sá þroski sem ég hefði áunnið mér í fyrra lífi, brytist hér fram í vitund minni, og í hinu sýngefandi sambandi og hugar-samtali fannst mér ég vera andleg vera hafin yfir tímann,²⁾ eins og mér hefur síðar á ævinni orðið ljóst að hver einasti maður hljóti að vera í sínu innsta eðli.

Ennfremur kann að vera samband milli þessarar bernskureynslu minnar og þess, að mér hefur löngum fundizt ég vera aðkomumaður í mannlegu félagi, og að ég væri með líkamsvist minni fjötraður við þessa jörð, jafnframt því sem ég hef sífellt þráð að losna úr þeim fjötrum.

Ein var þó sú ósk mín og þrá, sem ég gat snemma fengið fullnægt, en það var að auka mér þekkingu á hnöttum himingimsins og stjörnufræðilegum efnum.

Á undan hinum eiginlegu stjarngeimssýnum mínum fór dálítið önnur tegund reynslu, sem hér skal stuttlega að vikið:

Fyrst var það í sötthitadraumum og magnleysisköstum,

¹⁾ Athyglisvert er hvernig það kemur *berlega í ljós*, hjá þessum sannleiksleitandi rithöfund, *hvernig* endurburðarhyggja hans er til komin. Sjá eftirmála.

²⁾ „Andleg vera hafin yfir tímann“ sbr. þessi orð: „Að skynja tímann er í rauninni ekki annað en að skynja takmörkun hraðans, en það sem yfirstigi þá takmörkun færði í eitt allar fjarlægðir og ætti sjónarmið hins alkyrra og eilífa rúms“. Þorsteinn Jónsson: Samtöl um íslenska heimspeki, 1940 bls. 21. — Aths. þýðanda.

síðar einnig í framhalds-draumum að vitundarsvið mitt eins og víkkaði, bæði „upp á við“ til himingeimsins og niðurá við til hins örsmáa. Eitt sinn bar fyrir mig mynd hins hraðveltandi jarðhnattar sem fór minnkandi og varð að e. k. kringlu, síðan að bláblíkandi bletti og loks að örlytum ljósdepli í stjörnumori himingeimsins, en hinsvegar sá ég smátréflís verða að yfirvetrarbraut með milljörðum sólna.

Eitt sinn þegar ég var á gangi á sendinni sjávarströnd, niðursokkinn í hugsanir mínar, fannst mér, að — jafnframt því sem ég væri orðinn að einhverjum geysivíðtækum ljósvef gerðum úr svífandi stjörnuþyrpingum, — ég svífi yfir „jarðvegi“ sem bylgjaðist undir mér og leystist upp í milljarða leiftrandi smáheima, sem geisluðu til mín, engu síður en hinar náttlegu stjarnfylkingar víðheimsins.

Þessari skynjun minni fylgdu ýmsar þær tilfinningar sem mikla gleði vöktu í huga mér:

Ein var sú, að hvert lítið skref sem ég stigi og mér virtist aðeins vera sem lítil sekúnda, samsvaraði í tíma smáheimanna milljörðum ára.

Jafnframt þessu fannst mér ég vera eins og ósjálfráður viðtakandi hugboða og hugsendinga úr fjarlægum heimum, og hvort sem þær væru mér ætlaðar eða einhverjum öðrum, þá fælu þær í sér einhverja ótrúlega lífsfyllingu hinna lifandi vera á milljörðum byggðra hnatta, á öllum stigum víðheims og smáheims og hvar sem væri.

Og hið þriðja var sú víska, að þessi hugsambönd næðu yfir hvaða geimvíðáttu sem vera skyldi, og að takmörkun við ljóshraða hefði fyrir þau sambönd alls ekkert gildi . . .

Það sem mér á síðari árum hefur sífeldlega hlotið að finnast í mesta lagi til um, er það hve margvíslega stjarngeims-sýnir þær, sem fyrir mig bar í bernsku, hafa hlotið staðfestingu í heimsmýnd stjarnæðlisfræðinnar, eins og hún er nú

í dögum. Og þá fyrst og fremst hvernig komið hefur í ljós, að alheimur vor sá sem stjörnusjónauki og radar ná til er aðeins hluti af annarri heild ennþá stærri. Ennfremur að hver alheimurinn tekur við upp af öðrum, í hið óendanlega, þannig að hver þeirra er — í grófum dráttum — hluti af efni hins víðara alheims, og að niður á við leysist það, sem fyrir vorum augum virðist vera fast efni, upp í ríki öreinda, samsett af sólhverfum og vetrarbrautum í milljarðatali.

Frá þessum sýnum bernsku minnar og frá hugsambandi mínu við verur þær, sem ég síðar nefndi eins og í líkingu „Guðina á Sírfusi“, borði ég í fyrstu ekki að segja jafnvel foreldrum mínum hvað há öðrum. Ég skrifaði þó ýmislegt hjá mér til minnis, en hreyfði ekki við því aftur fyrr en haustið 1927, þegar snerting hins innra ljóss kveikti mér þessar sýnir að nýju.

Árangurinn af þessari síðari sambandsreynslu minni varð þau tíu smárit sem ég gaf út árið 1928 undir nafninu „Bækur hins loganda hjarta“ (sjá einkum 4. bindi hinnar 3. útgáfu). Í Taó-kaflanum þar, sem ber nafnið „Að komast í samband við anda alheimsins“ lýsti ég því, hvernig það er að losna úr viðjum hinnar þröngu sjálfshyggu og skyggkast um víðáttur alvitundarinnar í víðheimi og smáheimi.

Ég lýsti því hvernig andinn vaknar til sjálfs sín þannig að aldatál, og óravíðáttur geimsins renna saman í einni stund og einum stað, hvernig sekúndur verða að óraaldri, og hvernig í ari sólargeislans blikar á undraveldi örsmárra víðheima.

„Milljarðar sólna“ sagði ég, „samtengjast í geislandi kringlu vetrarbrautarinnar. Milljónir vetrarbrauta mynda saman vfirvetrarbraut . . . Þó er þessi yfirvetrarbraut ekki hið stærsta sem til er, heldur er hún aðeins örögn í hugarveldi hinnar óravíðu alveraldar . . .

... Alheimar raðast saman sem frumeindir ennþá stærri heima og frumeindir eru alheimar. Og í báðar áttir blasir við óendanlegur fjöldi heima. Óendanleg er lestin upp á við og niðurávið, enginn endir al-óendanleikans.

* *

Daufur eftirómur hinna miklu stjarngeimssýna bernsku minnar var það sem fyrir mig bar haustið 1941. Og þá gerðist það í fyrsta sinn að ég sagði frá þessu. Vinur minn, sá sem ég trúði fyrir þessu, ráðlagði mér að færa þetta í búning skáldsögu um geimferðir, þar sem engin von væri til þess að slíku yrði trúað ef það væri borið fram sem sannleikur.

Ég hlýddi þessu ráði, og þannig atvikaðist það að ég skrifaði þá 420 síðna skáldsögu sem bar nafnið „Guðirnir á Síríusi“. En bæði þá og síðar reyndist mér það ógerlegt að fá svo langa sögu prentaða hjá forlagi.

Þar sem verk þetta hlaut nú að liggja óprentað, reyndi ég fimm árum síðar, 1946, að láta það sem fyrir mig hafði borið, að minnsta kosti koma fram í verki þannig, að ég setti í staðinn fyrir hin ýmsu þróunarstig Síríusarbúa eins og þau höfðu mér sýnd verið, væntanleg stig í þróun *mannkynsins hér á jörð*. Í bók sem nefndist „Framtíð mannkynsins“ sem birtist hjá Isis-bókaútgáfunni og er löngu uppseld, reyndi ég að lýsa þróun mannkynsins frá fyrstu byrjun fram til vorra tíma, og héðan af til ofurmenna framtíðarinnar og síðar huggarpa fjarlægustu framtíðar unz við tæki veldi víðheims- og guðmenna komandi áramilljóna.

Jafnframt þessu gaf ég líttillega í skyn að unnt yrði að ná sambandi við aðrar stjörnur, og að hlið alheimsvíðáttunnar kynnu að opnast okkur hvenær sem væri — og þá ef til vill á allt annan hátt en við mennirnir gerðum okkur nú í hugarlund að orðið gæti.

* *

Áður en þetta var, var ég farinn að gefa því gætur, hvort þess sæjust merki í bókum, hvort einhverjir aðrir hefðu séð sýnir og orðið fyrir áhrifum sem stöfuðu frá íbúum annarra hnatta.

Skyldar hugsanir fann ég hjá *Blaise Pascal* (1623—1662) og öðrum sambandsmönnum í austri og vestri, ennfremur hjá franska stjörnufræðingnum *Camille Flammarion* í bókinni *Fjöldi hinna byggðu hnatta*, sem kom fyrst út árið 1862, og síðan í fimmtú útgáfum, og loks hjá jarðfræðingnum og mannfræðingnum *Teilhard de Chardin* (1881—1955). En hugmyndir hans um þróun jarðlífsins fram til „Depilsins Omega“ þegar áhrifa stjörnusambanda fer að gæta og jafnframt afleiðinga þess að „vithvolf“ („noosphere“) geimsins snertir jarðarmenn án þess að þeir viti — eru samsvarandi því að þeir Síríusbúar komu mér fyrir sem „Noodynamiker“ eða vitaflsmenn.

1971 gaf ég út á vegum „Þriggja-eika-forlags“ bókar-kornið: „Alheimsleið mannkynsins og vatnsberaöldin“, en hún var reyndar einn af ávöxtum hinnar fyrri sambands-reynslu minnar. Er þar lýst sókn mannkynsins út í geiminn, möguleikum lífs á öðrum hnöttum og komandi samböndum við lífið þar, sem og þróun jarðarmannkynsins frá hinum núverandi „vitiborna manni“ („Homo sapiens“) til hins komandi æðra mannkyns og síðar alheimsmannkyns . . .

* *

Að til væru í alheimi langtum fullkomnari menningarstig en hið jarðneska, hafði mér verið frá því að sýnirnar bar fyrir mig í æsku — meðan fáir eða engir hugsuðu um sjónvarp, eldflaugar, kjarnakljúfa og geimferðir, ekki annað en sjálfsagður hlutur.

Nú á dögum tala helztu eðlisfræðingar, stjörnufræðingar og heimspekingar um það að flestum þeirra milljarða sólna, sem mynda vetrarbraut okkar og einnig þeim sem mynda milljarða annarra vetrarbrauta, fylgi jarðstjörnur, og að á vissu hlutfalli þess órafjölda reikistjarna sé yfirborð og aðrar ástæður þannig að lífsmöguleikum og þróun fram til vits séu góð skilyrði búin.

Ennfremur muni hluti þessara jarða vera byggður verum sem standi jarðarmönnum langtum framar hvað snerti andlega og tæknilega framþróun, yfirráð yfir náttúrunni, geimferðir og sambandsmöguleika.

Mér voru þessar raddir hinna merku manna ánægjuleg staðfesting þess sem ég hafði lengi verið mér meðvitandi, eins og þegar Bernard *Lovell*, yfirmaður útvarpsmerkjastjörnustöðvarinnar í Jodrell Bank í Englandi ritaði: „Við verðum að tileinka okkur þá hugsun, að fullkomnari verur en við menn séu einhversstaðar til í alheiminum, og hafi ef til vill náð menningarstigi, sem standi svo hátt að við megnum alls ekki að gera okkur slíkt í hugarlund“. Eða þegar stjörnufræðingurinn Fred *Hoyle* lét í ljós þá sannfæringu sína að „í alheiminum séu til menningarsamfélög sem séu orðin milljóna ára gömul, og að um firnavíðáttur geimsins eigi sér stað boðsendingar og móttaka þeirra sem við eigum enga hlutdeild í eða vitum af“.

Um nokkurt skeið hafa ekki aðeins Bandaríkjamenn heldur einnig Rússar verið að gá að merkjum frá vitsmunaverum á öðrum hnöttum með hjálp útvarpsbylgju-sjónauka og leitað möguleika á sambandi milli stjarna . . .

. . . En útvarps- og ljósbylgjusendingar eru alls ekki sú aðferð sem hentar til þess að ná slíkum samböndum, því að þau eru of seinvirk til þess. Einungis með því að yfirstíga ljóshraðann með hjálp hugargeislunar þeirrar sem enn stendur

utan viðurkenndrar eðlisfræði er hægt að ná hinum alhröðu fjarsamböndum sem tengja á augabragði saman hina fjarlægustu heima.

Ég hygg að „Guðirnir á Síríusi“ og aðrir lengrakomnir íbúar stjórnugeimsins viti um tilraunir jarðarmanna á borð við „Ozma-áætlunina“, en af ástæðum sem ljósar mega verða, muni þeir neita sér um allsherjar samband við okkur, meðan á það skortir að við mennirnir höfum náð þeim þroska í viðhorfum okkar til alheimsins sem nauðsynlegur er.

Slíks þroska hlýtur okkur Jarðarmönnum að vera ávant meðan ekki er einusinni náð þeim jarðstjórnuþroska sem lýsir sér í andlegri, stjórnmálalegri, þjóðfélagslegri og efnahagslegri einingu meðal þjóða heims.

Einungis það mannkyn sem náð hefur jarðarþroska ásamt einingu í slíkum eignum getur gert sér von um að ná alheimsþroska, þar sem andleg eining ríkir og sótt er fram til sameiginlegra framfara alls lífs í alheimi.

Eftir því sem mér skilst er það sem öllum verum alheimsins er *sameiginlegt* mest í því falið að lífi þeirra er allsstaðar samfara vöxtur og framfarir ásamt skýrri meðvitund um sjálfan sig, þannig að öllum verum er áskapað að *fullkomnast*, og er innsti kjarni eðlis þeirra andlegt aflsvæði sem aldrei getur glatazt eða eyðilagzt, enda hluti af frumafllsvæði allra heima og hinnar æðstu veru. Jafnframt þessu munu menn átta sig á skyldleika þessara hluta við andlegan þroska manna yfirleitt, við lifandi trú og við samvitund við líf alheimsins og mun þá einnig ná að þroskast viljinn til eindrægni meðal mannkynsins, meðal allra íbúa vetrarbrautarinnar og meðal allra vera alheimsins.

Sérstaklega gleðileg fannst mér sú tilhugsun einnig að við mennirnir eigum kost á því, með því að efla hugsun okkar og áður vanræktar sálargáfur, að öðlast *vissu gagnvart því*

sem í alheimi gerist, og þegar svo er komið, að komast í náíð andlegt og eðlisfræðilegt samband við íbúa stjarngeimsins, þannig að gagnkvæm virðing, umburðarlyndi og samhugur ríki milli íbúa hinna ýmsu hnatta.

* *

Hvenær og hvernig það gerist að mannkyn okkar jarðar komist á þessa braut, veltur að verulegu leyti á því, hvenær það nær að verða sjálfu sér samþykkt og nær því framþróunarstigi í siðmenningu og andlegum efnum að hugsamband við háþróaðar verur á öðrum hnöttum geti komiðt á.

Eins og nú er ástatt höfum vér ekki náð því þroskastigi á alheimsmælikvarða sem nauðsynlegt skilyrði er slíkra sambanda.

Þetta sem nú var sagt, var nauðsynlegt að láta koma á undan, svo að frásögn af stjarngeimssýnum mínum yrði rétt skilin.

Engu að síður er hætt við að mörgum virðist það, sem fyrir mig bar í bernsku og hér hefur verið sett fram í stórum dráttum með málfari samtíðarinnar, ótrúlegt og óskiljanlegt. Þeim sem þannig er farið skal þó sagt, að þeir mættu taka þetta sem hér stendur sem hvatningu til umhugsunar um málefni samtíðarinnar, og sem ábending um það hvernig verða mætti framtíðarleið *mannkyns vors* á síhækkandi fullkominarbraut. En á þeirri leið mun mönnum verða margfalt betur ljóst það sem vitrana- og uppljómunarmenn hafa frá orófi alda boðað:

Öll eruð þið guðir og börn almættisins sem nú kallar ykkur til þess, að þið hefjið ykkur á æðra stig.

Úr draufjarska

Þessu hefir þetta

Guðirnir á Síríusi

Úr órafjarska

Þannig hófst þetta:

Náttmyrkur umlukti mig . . . Upp úr einhverju myrku hyl-dýpi steig sorti og luktist saman yfir mér. En þó að ég sæi ekkert, var eins og ég væri að vakna af draumi, til einhvers dýpri veruleika þar sem ég væri laus úr fjötrum líkamans . . .

Þá var eins og kviknuðu í óendanlegum fjarska örlitlir ljósdeplar, sem sífellt fór fjölgandi, þangað til það rann upp fyrir mér að til allra átta blöstu við mér stjörnuskarar í geimnum og fannst mér ég vera orðinn eins og stjarna meðal stjarnanna.

. . . Aldrei hafði mér áður fundizt ég vera svo aleinn og þó allur-hins-Eina í senn: einmana og þó minning hins Eina . . .

Umhverfis mig veitti ég athygli stjörnumyndum dýra-hringsins, sem líðu smám saman framhjá, þangað til ég varð þess var að ég eins og dróst að stjörnu-þríhyrningi nokkrum, en hann myndast — eins og mér varð síðar ljóst — af Fremri-Hundastjörnunni (Prokyon), Síríusi og Betelgeuse í Óríon, og virtist mér Síríus, sem er í neðra horni þríhyrningsins, fara vaxandi að birtu . . .

Þannig var þetta líka: Síríus færðist nær, skein enn skærar, jafnframt því sem lítil hvítleit stjarna kom í ljós, svífandi við hlið hans . . . Samtímis því sem báðar þessar sólar urðu sífellt bjartari, fóru að sjást litlir neistakenndir deplar, sem ekki höfðu áður sézt — sjálfsagt reikistjörnur í tvísólhverfi þessu.

Enda fór það svo að hinn leiftrandi bjarti Síríus vék eins og til hliðar — og einn plánetu-depillinn færðist mér nær, óx svo að bjartri hringlaga mynd, sem að lokum yfirgnæfði alla stjörnubirtu og tók yfir allt sjónsviðið, og fór ég þá líka að taka eftir kennileitum yfirborðs hnattarins um leið og skýjabykknið yfir þeim greiddist sundur.

Og nú var eins og jarðstjarna þessi sæist snúast um ás sinn, um leið og í ljós komu mjúkar útlínur landsvæðanna, sem tóku við hvert af öðru með ótölulegum vötnum sínum, og í kyrrð þeirri, sem þarna ríkti, liðu þau þögn hjá fyrir sjónum mínum, en engin höf eða fjallgarðar voru sjáanleg.

Töfrandi fögur voru ljósa- og litaskiptin í rökkurbelti þessarar ókunnur veraldar, þar sem tvær sólar lýstu á himni. En hitt var mér óskiljanlegt, sem ég einnig veitti athygli, að á næturhlið hnattarins voru víðsvegar hringlaga ljósblettir og í miðju þeirra nær því eins bjart og á daghliðinni . . .

Tími gafst ekki til frekari athugana. Fram úr hinu undrafagra rökkursvæði, þar sem dökkleit flæmi og rákir skiptust á steig dálítið afmarkað svæði . . . og var þar stöðuvatn að sjá, en í nánd við það frammi fyrir opnu svæði stóðu geysiháar plöntur sem líktust trjám og gnæfðu þau yfir teningslaga glerbyggingu, sem lýsti af einhverri innri birtu.

. . . Og allt í einu þótti mér sem ég horfði innan úr miðri hinn kristalkenndu byggingu út á lognslétt vatnið. Af einhverri ástæðu snerist ég á hæli og litaðist um, og sá ég þá eins og á sveimi kringum mig hluti, sem ég vissi ekki deili á . . . Enn meiri áhrif hafði þó hitt á mig að ég varð þess sterklega var að sjónir einherrar mikillar veru hvíldu á mér, svo að ég gat mig hvergi hreyft og vakti þetta mér þá þvingandi tilfinningu, að ég stæði frammi fyrir engli eða guði.

. . . Fyrsta hugsun mín var sú, að vilja helst verða að vatni og hripa niður í jörðina. En tígulegur vöxtur þessarar miklu

veru, göfgi svipsins, vald augnaráðsins og hlýleiki anda hans vöktu mér brátt einhverja máttuga tilfinningu þögullar lotningar.

Það sem hafði þó hin dýpstu áhrif á mig var það, að vera þessi var tvímælaust í mannsmynd, enda þótt þróun hennar væri auðsjáanlega komin langtum lengra fram yfir stig mannsins á jörðu hér en við menn erum framar frummönnum fyrir milljónum ára. Jafnframt þessu gladdist ég við þá tilhugsun, að sköpulag mannsins samsvaraði einum af hátindum lífsþróunarinnar — þó svo að vera mætti, að slíkt form væri ein af undantekningunum í hinu furðulega fjölbreytta ríki lífsins í alheimi.

Hin forngríska hugsjón þess sem þeir nefndu Kalokagapia — sameining alls hins góða og fagra — virtist mér hafa líkamast í fullkominni einingu í sköpulagi og svip þessarar veru. Fögur hvelfing höfuðkúpunnar og hins háa ennis, vilja þrungnir og jafnframt óendanlega góðlegir andlitsdrættir, bládjúp augnanna, og hin yfirjarðneska mynd verunnar, sem meir líktist einhverri svipmynd eðlisfars hennar sjálftrar, umluktri geislabjarma sem sló um hana á ýmsa vegu, en fastmótuðu jarðnesku formi — allt lagðist þetta á eitt um að vekja mér einhverja þá tilfinningu fyrir hárrí göfgi, sem ég hafði ekki þekkt áður.

Gagnvart slíkri veru fannst mér ég vera sjálfur eins og ófullkominn, efnisbundinn jarðar-dvergur.

Allt í einu sneri veran sér að mér: Augu hennar hvíldu á mér, eins og þau horfðu í huldustu djúp huga míns. Augun, sem voru hálfu stærri en mannsaugu, sögðu mér þá sögu, að annarskonar sólskin og lengra komin lífsþróun hefði mótað gerð þeirra — en sjálfum fannst mér eins og ég sykki í eitthvert óendanlegt ljóshaf við að mæta þessum augum.

Ég skynjaði almátt lifandi aflsvæðis þessarar veru og varð

jafnframt var við hugsanir hennar, sem leituðu svo ákveðið til mín og voru mér svo auðskildar, að það var eins og þær væru orðaðar á móðurmáli mínu. Það sem þessar aðsendu hugsanir vildu segja mér, var, að heimkynni mitt Jörðin væri aðeins ein af billjónum hnatta, sem byggðir væru vitibornum verum og ennfremur, að þar sem á framfaraleið væri komið tækju stig fullkominunnarinnar við hvert af öðru, þannig, að órjúfandi heild lengra jafnt sem skemmra kominna vera næði að myndast.

Þegar vera þessi færði sig úr stað, líktist hreyfing hennar meir því að svífa en ganga. Það var eins og hún hefði þyngdaraflið, sem sífellt fjöttrar okkur jarðardverguna við hina föstu fold, fullkomlega á valdi sínu. Hið líðandi göngulag hans vakti mér endurminningar um flugdrauma mína, þar sem ég gat með þýðum hreyfingum á svipstundu hafið mig upp yfir hina hæstu turna.

Enn er það ótalið sem mér fannst þó mest um vert, en það var að hugsanir hans snertu tilfinningar mínar miklu dýpra en ég hefði getað ímyndað mér. Var þetta hið svokallaða 'hugtal' eða 'mál andanna', sem væri þá hið sama fyrir allar verur sem vaknaðar eru til vitundar um samband alheimsins?

Ég hafði ekki fyrr numið hinar fyrstu hugsanir hans en ég fór að njóta þeirrar sælukenndu tilfinningar að vera *kominn heim*, meir en ég hafði nokkurntíma átt að fagna í veikindum þeim og þjáningum sem sett höfðu svo mjög mark á æsku mína. Það var eins og þúsund fjöttrar sem þvingað höfðu mig lengi féllu af líkama mínum og vilja.

Andblær hugsananna, hið sálræna aflsvæði þessarar veru, var mér nærri því eins og áþreifanlegt; og það þýddi: *vilja* hennar, og það var mér einungis til gleði og ánægju að laga mig eftir þeim vilja. Ég skildi að vegur hugsunarinnar frá

einni sál til annarar er hinn eiginlegi beini vegur gagnkvæms skilnings, en leið sú sem töluð og rituð orð og myndir fara er krókaleið.

Meðan á hinu „andlega samtali“ okkar stóð, varð ég var við straum hugarmynda, sem gerðu mér ljóst að þessi guðlega ofurvera var að tala til mín vegna þess að ljóst var, að ég væri „leitandi sál“. Sjálf nefndi veran sig *Samana*. Sól þessara heimkynna, sem mér virtist skína tíu sinnum bjartar en vor sól, og vera stjarna sú sem við nefnum Síriús,¹⁾ heitir

¹⁾ Meðal hinna fornu Egypta var stjörnunni *Síriús* (Litabrá, Hundsstjörnu) lengi mikil lotning sýnd. Á þeim árstíma, sem sólarhátið var haldin kom hún jafnan að nýju í ljós við sjóndeildarhring, og álitu menn hana vera sendiboða guðanna. Voru henni reist musteri þannig byggð, að dyrnar sneru nákvæmlega að þeim stað sjónhringsins, þar sem stjarnan kom upp.

Þannig var Haþor-hofið í Dendera vígt Síriúsi, og í áletrun, sem þar hefur fundizt, segir frá þeirri hátiðlegu stund, sem var, þegar fyrstu Síriúsargeislarnir beindust inn um dyrnar og urpu völvu skini á Ísis-styttuna fyrir höfuðaltari, en þessu skini glóddust menn mjög og hugðu vera fyrirheit um hamingju: „Drottning himnanna, Ísis-Sópis-Síriús er gengin til herbergja sinna og hefur sameinazt sinni guðumgefnu líkneskju.“

Nú á dögum þekkja menn Síriús sem aðalstjörnuna í Stóra Hundsmerki, og vita að hún er sól 26-falt bjartari og meir en tvöfalt yfirborðsheitari en okkar sól, að fjarlægð hennar nemur 8,8 ljósárum og að hún stefnir í átt að okkar sólhverfi með 8 km hraða á sekúndu. Hún er í hópi þeirra stjarna, sem mynda hið stjarnfræðilega nágrenni okkar, enda fáar sólar nær okkur en hún.

Hin dauft lýsandi fylgisól Síriúsar (Síriús B) hefur aðeins einn tíupúsundasta af birtumagni aðalstjörnunnar, og telst til hinna „hvítu dverga“ í ríki sólnanna. Þrátt fyrir smæðina eru innstu hlutar hans eins heitir og iður sólar. Bandaríski sjóntækjasmíðurinn Alvan Clark fann Síriús B árið 1862, og byggði reyndar á útreikningum, sem gerðir höfðu verið á smá-hviki í göngu Síriúsar um geiminn, og bentu til

þar *Jíva*. En hvíta litla sólin í því sólhverfi nefnist *Anu*, en sjálf reikistjarnan eða hnötturinn sem ég stóð þarna á nefnist 'Maha' eða *Magna* og sama nafn er haft um mannkynið, sem þann hnött byggir.

Nafnið 'Samana' skildist mér vera nokkuð sem einkenndi stöðu hans í mannfélagi *Magnanna*, og þýddi svo mikið sem stjarngæzlumaður og vilja-aflfræðingur en hvað í þvílíkum nafngiftum fælist var mér í fyrstu ómögulegt að renna nokkurn grun í.

Það sem Samana reyndi að segja mér umfram þetta, var mér í fyrstu óskiljanlegt, og mér fannst eins og brygði fyrir meðaumkunarglampa í augum hans. Mér fannst hann gefa mér í skyn, að hann yrði að ljúka samtalinu í þetta sinn vegna þess, hve veikbyggður líkami minn á stjórnunni jörð væri . . .

Enn var ég frjáls af fjötrum líkamans og þyngdarinnar, en allt í einu vaknaði ég til meðvitundar um það að líkami minn, lamaður og magnlítill lá í rúmi mínu — fjarri hinni sælu samstillingu við veruna fögru, og vissi ég þegar að óendanlegar geimvíðáttur skildu nú á milli okkar.

þyngdaraflluflana. Enda þótt þessi smásól sé naumast meir en tuttugu sinnum stærri en jörðin, er efnismagn hennar þrjúhundruðþúsundfalt á við jörðina og þéttleiki efnisins tíuþúsundfaldur á við það, sem hér er, því að kjarnar frumeindanna liggja þarna þétt saman. Væri amerískum skýjaklúf þjappað saman á viðlíka hátt, kæmist efnið í honum fyrir í eldspýstokki.

Magnar

Nótt eina skömmu síðar lá ég lengi hálfvakandi í rúmi mínu, og í hinni daufu skímu næturinnar beindust augu mín stöðugt að sérstökum bletti á veggnum. Mér sýndist bletturinn vera lýsandi, en síðan fór hann að skjóta gneistum, og varð svo að ljósi sem bylgjaðist til og frá með sívaxandi hraða. Loks náðu augu mín ekki lengur að fylgjast með snúningi eldkringlu þessarar á sporbrautarflugi hennar.

... Fyrirvaralaust breyttist þessi logandi kringla í risavaxið ljósauga, sem með tilliti sínu virtist beinast inn að sjálfu sér og seiddi mig þannig til sín . . .

... Nú endurtók sig þetta heljarstökk mitt niður í hið dimma tóm — þangað til fjarlægir ljósdeplar tóku að skína mér í myrkrinu, og sá ég þá, að til allra átta voru hafsjóir stjarna.

En í þetta sinn var ég ekki einn, því að rödd sem ég var farinn að kannast við, fór að hljóma fyrir heyrn minni: „Óttastu ekki, þó að þú farir nú að skynja óravegu geimsins, og stærð þeirrar yfirvetrarbrautar, sem þú tilheyrir“.

Skyndilega var eins og ég færi að horfa gegnum milljónir augna, sem hvert fyrir sig hafði annað útsýni til heims og geims en öll önnur. Samtímis færði sjón mín — eða meðvitund mín — sig út, nær í hið óendanlega:

Það sem hafði verið að breiða úr sér út um alla geima eins og fíngerður blæjuvefnaður — vetrarbraut okkar með sínum hundrað milljónum sólna — skrapp nú saman í mikla eldkringlu, sem síðan fór einnig að dragast saman og varð á stærð við barnshnefa. Enda sást nú, að nálægar vetrarbrautir

af líkri gerð mynduðu með henni sameiginlega heild, sem var hluti yfirvetrarbrautar nokkurrar, sem ég gat þó ekki gert mér nánari grein fyrir.

... En einnig þessi yfir-alheimur tók að dragast saman í sérstaka stærð, og mynduðu þær stærðir aðra heild enn stærri, sem gaf mér þann grun, að hún væri sem lítil sameind í líkama ofur-verundar eða guðdómsins.

Ég hafði grun af því, að taugabrautir mikillar veru lægju um víðáttur yfirgeimsins, og á sekúndubroti brá því fyrir í huga mér, að sjálfur væri ég ekki annað en hugsanaleiftur frá heila þessa yfirgeims.

Ég veit ekki hversu oft þessi víkkun vitundarsviðsins endurtók sig, — til þess að ná yfir sífellt stærri heimsheildir, svo að það var hugsun minni ofurefli að ráða við það, sem fyrir mig bar. Því að sveifla útpenslunnar virtist — eftir kyrrðarstöðu sem stóð yfir nokkrar sekúndur, eða áramilljarða — taka að snúast við, svo að á eftir hinni stórkostlegu útpenslu kom samsvarandi jafn furðulegur samdráttur — unz mér varð aftur litið í augu *Samana*, sem stóð þarna rétt hjá mér, og mér varð ljóst, að öll þessi eilífðarreynsla hafði ekki varað lengur en svo sem augabragði næmi.

En þar sem ég nú var staddur, sá ég enn hina kyrru birtu fjarlæggra sólna, sem mynduðu sömu stjörnumerki og þau sem mér voru kunnug af himni jarðar vorrar, og var aðeins eitt þeirra sem ég á annað borð veitti athygli, nokkuð að ráði breytt, en það var Óríon og Hundsmerkið stærra . . .

Og þá skynjaði ég enn með hug mínum og hjarta rödd *Samana*:

„Með aflsvæði þínu ert þú nú orðinn hluti af hjarta alheimsins. Því að hvar sem þú ert, þá ertu miðdepill þessa alheims. Á ómælisvegum geimsins ert þú hvergi einn og yfirgefinn: allsstaðar er hið Eilífa í sjálfum þér, með þér og

umhverfis þig. Hvar sem þú ert, ná til þín ástúðlegar hugsanir óteljandi einstaklinga og heilda. Hvar sem þeir eða þær kunna að vera staddar á þróunarbraut sinni, þá beinist öll viðleitni þeirra og þrá að sama takmarki í eilífðinni.“

Hugur minn svaraði með glöðu bragði: „Hversu voldugur er her allra stjarna! Við Jarðarmenn höfum að mestu vanrækt að efla með okkur tilfinninguna fyrir mikilleika heimsins, sem blasir við, þegar við lítum til himins. Og þó að við lítum þangað eru það aðeins nokkur þúsund sólir, sem við sjáum . . . En hér, í einmanaleika geimsins, verð ég var við ótölulegan grúa sólna, og hef hugmynd um milljarða jarðstjarna, sem ganga umhverfis sólir sínar og um óendanlega margþætt líf, sem er mér í eðli sínu skylt. Hverju skipta hinar smáu sorgir og nauðir, hinn hverfuli sársauki eða nautnir jarðlífsins, í samanburði við hina ólýsanlegu fyllingu alls lífs á hinum framsæknu stjörnum?

Mér fannst ég ekki vera annað en dagfluga, svo sem allir aðrir jarðarbúar — eins og einhver lítilsverð örögn í alheimi. En um leið og hugsanir Samana streymdu til mín, jókst mér þróttur og þor, og mér varð ljóst, að þrátt fyrir vesaldóm sinn bæri maðurinn guðlegan neista í brjósti sér, sem gerði honum kleift að skynja mikilleika heimsins, að gera sér grein fyrir sambandi sínu við stjarnlífið og fyrir hlutverki sínu á jörðunni.

Ég fann, að þar sem ég sveif í hinni rúmgóðu kirkju alheimsguðs, var ég sjálfkrafa nálægt *Honum*, sem kallað hefur allar stjarnfylkingar fram á leikvöll tilverunnar. Mér var sem ég heyrði sjálfan huga veraldanna tala, í kyrrð óendanleikans, greinilegar en í glamranda jarðarinnar, og að hann væri að segja mér frá öryggi alls lífs í faðmi hins óendanlega verundar.

Í minni mínu um það, sem fyrir bar, kunna að vera ýmsar

eyður, því að þegar ég vaknaði aftur til vitundar um það, að Samana stóð frammi fyrir mér, stóðu tveir Magnar aðrir hjá honum, og streymdu hugsanir þeirra til mín og um mig.

Mér varð undireins ljóst að annar þeirra hét *Turiya*, og að aðalstarf hans væri að vera nokkurskonar 'Xenopsychobiologe', eða fræðimaður um ólíkar verur í alheimi; en hinn, sem nefndist *Ljana* — nafn hans þýðir 'Kosmomoderator' (þ. e. stillir eða gætandi þess að lögmál heima séu haldin) — gaf mér að skilja að nöfn þessi fælu þó ekki í sér neinar takmarkanir, þar sem hver Magni, starfsamur á margvíslegan hátt, hefði jafnan á hendi margföld störf — heldur þýddu þessi nöfn aðeins það, sem mest einkenndi störf hvers þeirra.

Þessi aðal-eðlissérkenni birtust einnig í andlitssvip hinna þriggja: Þar sem ég sá á svip Samana, að hann var eins og ímynd viljaafsvæðis með óendanlegu áhrifasvæði, fannst mér að *Turiya* byggji yfir vizku, sem sæi gegnum alla leyndardóma lífsins, en að *Ljana* væri eins og nokkurskonar hugsandi reiknivél ofar öllum reikningi, sem með hugaráhrifum sínum næði að beina fram stefnu viðburða og senda mönnum vekjandi hugsanir. Samankomnir komu mér þessir þrír fyrir sem lífrænir byggingameistarar, sem létu hugarkrafta og efnivið örlaga vinna saman að því marki, sem vilji þeirri stefndi til.

En sú hugsun, sem enn skaut upp fyrir mér, að ég væri svo lítill í samanburði við þá, var undireins kveðin niður: „Einnig þú átt í þér, svo sem allir þínir líkar, vísi til guðlegs sköpunarmáttar, enda þótt slíkir möguleikar séu hjá ykkur að mestu leyti ónotaðir. Eftir því sem þið þroskizt fram á leið mun hugarorka ykkar verka til að hvetja og hraða þróuninni. Og síðar munuð þið komast að raun um, hvernig verurnar í alheimi hafa sambönd sín á milli, og munuð gera ykkur fullkomlega ljós þessi beinu samskipti eins hugar við annan, sem fram að þessu hefur vafizt svo fyrir ykkur að

skilja og viðurkenna. Yfir takmörk rúms og tíma munuð þið stofna til sambands við skyldar verur eða mannfélög annarsstaðar í geimnum“.

„En gagnstætt því sem við mennirnir erum enn“, hugsaði ég, „eruð þið Magnar þróttöflugir hugsuðir og listamenn viljans, þar sem hugsun okkar og viðleitni skortir enn raunverulegt markmið. Þó er það hamingja mín, að þið skulið hafa gefið mér tækifæri til að fylgjast með hugsun ykkar. Mér hefur af því orðið ljóst, hve síðir ykkar og lífernir eru á háu stigi, og að þar er eigingirni óhugsandi, því að hver hugsun er undireins komin til allra annarra . . . Mig þyrstir beinlínis í að kynnast jörð ykkar og lífi enn betur.“

Það var sem Magnar brostu við mér um leið og þeir höfðu numið hugsun mína, án þess að ég væri farinn að orða hana.

* *

. . . Án þess að nokkur segði mér, varð ég þess var, hvernig fór að skapast fyrir hugarsjónum mínum mynd af allri veröld og sólhverfi Magnanna. Sól þeirra, *Jíva* og litla systursólin, *Anú*, sem jarðstjörnur sveimuðu um, gengu báðar á löngum tíma um sameiginlegan þyngdarpunkt nærri *Jíva*. Ég tók svo eftir, að ein slík umferð beggja sólna tæki fimmtíu ár.

Reikistjarnan *Magna* virtist samtímis þessu ganga um *báðar* sólinnar á braut, sem líktist tvílykkju eða 8 og var sífellt að breyta um afstöðu. En nú voru Magnarnir að koma til mín, og skildist mér þá, að um tvennskonar nótt og tvennskonar dag væri hjá þeim að ræða: ‘Aldegi’, þegar *Jíva* og *Anú* eru báðar ofan sjóndeildarhrings; en ‘hálfdegi’ þegar *Jíva* er ein á lofti; en ‘hálfnáetti’ þegar *Anú* sést ein, og ‘alnætti’ þegar báðar lýsa hinum gagnstæða helmingi hnattarins. Þó tókst mér ekki að gera mér fulla grein fyrir hreyfingum hnattanna í þessu tvísólhverfi.

Það sem mér þótti einna athyglisverðast í framhaldi af þessu, var, að heimskautasvæðin voru með öllu án ísa og snjóa, og að gróður var þar hinn sami og í öðrum beltum hnattarins.

Við hugsuðum spurningum mínum fékk ég þegar í stað þau svör, að um óraaldur hefðu Magnar ráðið svo fyrir þróuninni, að sömu veðurskilyrði og vaxtarskilyrði væru um allan hnöttinn; að hin rauðgrænu gróðursvæði, sem teygðust hvarvetna meðfram vötnum og skurðum væru ekki eiginlegir skógar, heldur geysilega víðir og þroskamiklir garðar, og væru hin teningslaga glerhús þar á hverju strái, en þau væru bústaðir og vinnustaðir hinna ágætu Magna.

* *

Fróðleiksfýsn mín kann að hafa leitt til einhverra hraðflutninga milli staða, og þess, að skipt var um útsýnisstað: Því skyndilega var ég ásamt Mögnunum þremur staddur í hinu ævintýralega plönturíki plánetu þessarar — og blöstu þar við augum risavaxnar plöntur sem minntu nokkuð á kaktusa, en virtust breyta um lit, allt eftir því hvaðan var á þær horft. Svo furðulegt var skraut þeirra á alla vega, að einungis við draummyndir er því hægt að jafna.

Við hlið trjástofna, sem stráðir voru smáblómum, sá ég rauðar sveppkenndar plöntur, og aðrar sem líktust krossfiskum, en lifandi vafningsjurtir vaxnar vínberjum teygðu sig hvarvetna á milli. Aðrar plöntur voru með þroskamiklum, skjannahvítum blómum, sem minntu á rjómaískúf eða gljáandi postulínshnúð. En á aðra hlið sá ég geysimikil, margra metra há gróðurbákn, sem jafna mátti við háa hamra með gjám og gljúfrum, og voru þó blómstrandí líkt og kórallasamfélög.

Jafnframt því sem hugur minn hreifst af lífmyndum, litum

og ilmi þessa undraríkis, varð ég mér þess fyllilega meðvitandi, að Magnar beindu sín á milli — og einnig til mín — hugsunum sínum og vakti þetta mér þegar í stað spurningu um það, hverskonar tungu þeir töluðu.

Undireins fékk ég það svar, að samtal og upplýsingamiðlun færi fram á þrjá vegu: Með skeytum beint frá huga til huga, og óbeint, með rituðu og töluðu máli.

Þetta samtal frá huga til huga, sem er óháð fjarlægðum, líktist nokkuð því, sem menn kalla „að tala við sjálfan sig“, „hugtal“, eða „eintal hugans“. Það er: þegar meðvitund okkar virðist skipta sér í tvö eða fleiri „ég“, sem síðan eiga samtal sín á milli — en aðeins með þeim mun, að hjá Mögnum er um samtal margra að ræða.¹⁾

Þar sem Magnar sendast á hugsendingum um hvað eina sem þeim er mest í mun, þá eru *töluð orð* þeim aðeins tæki til að miðla upplýsingum og til leiðbeiningar eða uppeldis, en *ritað mál* hafa þeir til að miðla þekkingu. Eins og til að áréttta það, sem mér hafði í þessu efni skilizt, greip Samana hendi sinni út í loftið, og viti menn, heldur hann þá ekki á einhverri hillu eða skúffu í hendinni, sem hann sagði hafa að geyma „plöntuuppeldisfræðilegt“ verk Turiya — og, hafi mér rétt skilizt, var það verk um ‘örvun ljós-efnafræðilegra hæfileika sumra plantna til myndunar nýrra vaxtarefna’.

Hilluna, sem auðsæilega var hvorttveggja í senn, bók og

¹⁾ Þarna kemst höfundurinn furðu nærri sannleikanum um „skiptingu meðvitundarinnar“ sem sálfræðinni hér á jörð hefur orðið svo tíðrætt um, án skilnings á aðalatriði („hugklofi“, „kleyfhugi“ o. s. frv.). Er athyglisvert, að það er í stjarnfræðilegu sambengi, sem hér er farið nær hinum rétta skilningi. Samanber einnig „þingið í huga mér“ hjá Brynjólfi heimspekingi á Minnanúpi. Aths. þýð.

lestrarútbúnaður, kallaði Samana raunveru- og vitneskjusjá eða 'ontóskóp', og þegar hún opnaðist, fór ég að sjá eins og dreifð, stutt, marglit strík í henni. En Turiya sagði þetta vera lögmál, stærðfræðijöfnur og 'hugmyndahraðritunartákn'. Mér skildist, að það sem á jörðunni tekur yfir heila síðu í góðri kennslubók, kæmi hér fram í mynd lítils, marglits línurits, sem skipar hinum flóknustu samböndum hluta og fyrirbæra saman í einföldustu frumbætti máls og myndar.

Og óskin ein í huga þess, sem lesa vildi, virtist nægja til þess að hver síðan eða kaflinn í verki Turiya á eftir öðrum kæmi í ljós.

Þegar Turiya lét mig nú heyra eina setningu sagða á fjöhljómatungu Magna, varð ég sem drukkinn af þrótti hugsunarinnar, sem steptist yfir mig án þess að ég gæti gert mér grein fyrir henni. Það sem eftir varð í huga mér, var hrifningarkennd tilfinning fyrir hljómfegurð hinnar ókunnungu. Það var víst hljómfegurð málsins — og öll þau blæbrigði sem hún gaf til kynna — sem vakti mér forvitni um það, hvernig hljómlist Magna væri háttað. Óðara en hugur minn hafði hvarflað í þessa átt var spurningunni svarað, og var það *Ljana* sem lét fingur sína hreyfast eins og eftir hljóðfalli, svo að fram komu töfrafullir samhljómar, sem hann nefndi „Sólnaljóð Magna“ og skal nú reynt að lýsa því að nokkru.

Yfirjarðneskur himnakliður, sem bjó yfir furðulegri draumfegurð, leið um loftið, og mér fannst eins og lágur ómur frá fjarlægum klukkum blandaðist klökkvanum frá þúsundum fiðla ásamt völdugum hljómi margra víbrafóna og varð úr þessu einhver ólýsanlega hrifandi alheimshljómkviða.

... Og jafnframt því sem tónaflóð þetta virtist koma neðan úr botnlausu djúpi og stíga upp í óendanlegar hæðir, birtist fyrir sjónum mínum mynd hinnar björtu sólar *Jiva* sem var umkringd þúsundum leiftrandi stjarna og bylgjaði

ljósi sínu til nærliggjandi reikistjarna, lífi þeirra til næringar og margföldunar.

... Eins og tónar frá voldugu hljóðfæri streymdu þakkir lífveranna fyrir geislagjafir sólar þessarar um vegu geimsins og til hinnar sömu sólar að nýju. Lífið gladdist af því að vera af ljósi fætt og af því að kannast við sólareðli sjálfs sín, og allrar veru.

... Í voldugum ölduföllum, þar sem þúsundir skærra radda virtust segja frá gleði sinni í söng, lauk þessu sólaljóði, sem boðaði eilífðarvissu öllu hinu ljósborna lífi. Svo þögnuðu þessir tónar eins og þeir drægju sig til baka út í auðan og tóman geiminn.

En nú var eins og Samana fyndi á sér, að áhrif hinna voldugu hljóma væru mér ofviða ...

Ég varð þess líka var, að hann taldi mig ekki þess megnugan að veita meira af slíku viðtöku, og lét hann nú staðar numið. Enda hætti hann nú að beina þessu til mín, og ég skynjaði hvernig dimmt og þögult varð umhverfis mig ...

Á sömu stundu mun ég hafa verið að vakna til líkama míns í rúmi mínu. Með undrun í huga opnaði ég augun og sá, að morgunn var á lofti.

Í hringrás áramilljónanna

Myrkt var umhverfis mig, og áhrifin á huga minn voru þrúgandi. En leiftur tendraðist, sem breytti myrkrinu í alskínandi birtu. Samtímis þessu var sem mannleg meðvitundarglæta mín breyttist í ofurvitund.

Með leiftrinu brá endurminningu minni aftur til hins áður séða, og um leið vaknaði mér sú þrá að vita meira um þróunarsögu Magna og öðlast þekkingu á þeim þróunarskeiðum, sem þeir ættu að baki sér. Það örvaði áhuga minn, að ég mundi eftir því fyrirheiti þeirra, að við Jarðarmenn ættum í fjarlægri framtíð að komast á þroskastig sambærilegt við það, sem þeir hafa náð . . .

. . . Eins og til styrkingar þessari von heyrði ég rödd tala innra með mér, samtímis því, sem mynd Ljana birtist innra með mér:

„Í *okkur* hefur hinn mikli máttur alheimsandans náð fullum framgangi. En *þú* ert maður — og það þýðir á máli ykkar sjálfra ‘hugsandi vera’ — og þar af leiðandi ert þú ekki síður en við ein af líkamsmyndum hins Eilífa. Alheimsandinn birtist í ýmsum myndum á óendanlega mörgum stigum, og jafnvel hin æðstu stig, sem náð hefur verið, standa enn óralangt frá hinni mestu fullkomnun. Þróunarsaga vetrarbrautanna fram að þessu er aðeins lítið brot þess tíma, sem framundan er. Þó eru allar lífverur alheimsandanum jafn nálægar og jafn kærar“.

Um leið og þessi orð voru sögð, gerðist það, trúlega fyrir stilliáhrif eða viljaátak frá Ljana — að ég var skyndilega kominn í nýjan stað, sem að nokkru leyti var víðáttumikill

skruðgarður, en að nokkru leyti safn, þar sem ótrúlegustu hlutir voru saman komnir.

„Þið Jarðarmenn eruð staddir í fyrstu morgunskímu þátt-tökunnar í alheimsverðandinni. Við Magnar erum staddir þar, sem er sólarupprás sjálfsþroskans. Framundan okkur bíður eins og óteljandi lífverum öðrum á skyldri leið, hinn mikli dagur sífellt víðtækari þroskamöguleika — en lengd þess dags megnum jafnvel ekki við að mæla, enn sem komið er. Frá þeim tíma, sem að baki liggur getur ‘ontóskópið’ sýnt þér sitt af hverju, að svo miklu leyti sem skilningur þinn á lífaflfræðilegum, hugarorkulegum og eðlisfræðilegum umbreytingum hrekkur til . . .

Myndaraðir þær sem ég sá, og liðu í rauninni allt of hratt hjá til þess að ég gæti haft þeirra veruleg not, sýndu, að landsvæði þau, sem sköpuðust af hækkuðum hafsbotni, voru tekin til ræktunar, og að úthöfin tvö breyttust smám saman í óteljandi smávötn, sem tengdust saman með rásum eða skurðum. Þannig uxu meginlöndin hvort á móti öðru, eftir því sem höfin hurfu, og varð að lokum eftir eitt samfellt meginland um allan hnöttinn. En þetta hafði þær afleiðingar, að því er Ljana gaf mér að skilja, að náð var vistfræðilegu jafnvægi, sem leiddi til þess að hægt var að beita öllum kröftum að þróun lífsins uppá við, til æ meiri fullkomunar.

* *

Með þessari umbreytingu hnattarins höfðu forfeður Magna skapað sér grundvöll að því að ráða við langtum stórkostlegri viðfangsefni. En með rétttri beitingu frumkraftarins í ýmsum myndum, virtust þeir hafa komið í veg fyrir allar skaðvænlegar hamfarir náttúrunnar.

Hvort það, sem nú skal frá sagt, stóð í sambandi við þessa afburða verksnilld Magnanna eða það var meðfæddur hæfi-

leiki, sem bjó í aflsvæði þeirra, var mér ekki ljóst, — en það var þetta sem Ljana nefndi vísindahaheitinu ‘líðandi’ og hefur hér á jörð aðeins verið eignað einstökum dýrlingum og jögum; það er hæfileikinn til að svífa.

Í myndum úr mannkynssögu hnattarins tók ég eftir því, hvernig göngulag Magna gerðist sífellt líkara því, að liðið eða svifið væri áfram. Hafi ég rétt skilið þá var það *vilji* Magnanna, sem í rás þróunarinnar varð æ markvissari, sem var aðalástæða þess, að þeir urðu á þennan hátt þyngdar-kraftinum yfirsterkari. Þetta var, að því er Ljana gaf í skyn, einn af eðlilegum ávöxtum þess, að sambandsproska við aðra hnetti er náð.

Allt í einu beindist hugur minn að einhverju því, sem Magninn nefndi ‘plöntuuppeldisfræði’ eða ‘plöntu-umsköpun’. Hugsanir þær sem til mín streymdu frá honum voru um einhverja stefnukrafta líforkunnar, sem losnuðu úr læðingi vegna mikils næmleika plantnanna en sá næmleiki stóð hinsvegar í sambandi við skin hinna tveggja sólna. Af þessum kröftum mátti með stökkbreytingum ná því fram, að plönturnar gáfu af sér furðulega mikla ávexti og uxu mjög hratt.

Mér var nú einnig gert ljóst, að Magnar, sem frá fornu fari höfðu eingöngu neytt jurtafæðu, höfðu með þeirri venju sinni haft þau áhrif á sál plantnanna (lífafsvæði), að þær hneigðust til að bera æ ríkulegri ávexti, og höfðu þeir ávextir að geyma þau efni í heppilegasta blöndunarhlutfalli, sem dugðu Mögnum bezt til að viðhalda jafnvægi og samræmi í störfum líkamans . . .

En hitt tókst mér ekki að skilja, sem Ljana lét í ljós í sambandi við hið blæbrigðaríka mál plantnanna og sýndi mér merki um í hendi sér með ‘fýtógrömmum’ eða línuritum um reglubundin umskipti í lífsstarfssemi og tilfinningum hverrar plöntu. En þau þýddu það, að hvað sem liði áhrifum til

örvunar, þá væri hið frumhelga eðli hveðrar plöntu og plöntu-
samvaxtar varðveitt.

. . . Meðan ég virti fyrir mér og íhugaði það sem fyrir
mig bar í þessum sýnum, varð mér sífellt ljósara, hve full-
komin líffernisfræði Magna var, sú sem þeir létu jafnan ráða
í afskiptum sínum af náttúrunni og lífinu, því að allt miðaðist
hjá þeim við samstillingu einstaklinganna og velferð heildar-
innar.

Spurningu minni í huganum varðandi þetta, var þegar í
stað svarað — svo að ég hlaut að skammast mín fyrir hönd
mannkyns míns, — á þann veg að það, sem enn ríkti á
jörðunni sem persónuleg og sameiginleg eigingirni manna,
flokka, þjóða og ríkja — væri hér frá fornu fari óþekkt, og
væri hér ekkert til, sem hétu 'eignir' eða 'fjármunir'.

. . . Einkaeign væri hér eingöngu 'innri þroski', enda sækt-
ist hver lífvera hér eftir hinu æðsta ríkidæmi, sem væri það,
að verða öllum öðrum sem mest til gagns og ánægju.

Mér fannst þetta ástand þeirra vera einskonar 'höfðingja-
jafnræði' eða 'aristosósíalismi'. Gagnstætt þeirri 'baráttu fyrir
tilverunni', sem ríkir á jörðunni, átti sér þarna stað sífelld
samkeppni allra vera um það að ná sem hæstu fullkominunar-
stigi og verða þannig öðrum til góðs.

* *

Ef til vill hefur það verið í framhaldi af hinni síðastnefndu
hugsun minni, sem ég þóttist skyndilega vera kominn í stað
sem Ljana nefndi 'stjórnuasal', og kvaðst hann skyldu gefa
mér nokkra hugmynd um það, sem sneri að geimferðum í
fortíð Magna.

Ósjálfrátt varð mér hugsað til þeirrar þrjár, sem oss mönn-
um er reyndar í blóð borin, að verða þess megnugir að losna
undan þyngdarfargi jarðarinnar og hefja okkur til flugs til

annarra stjarna. En hugsun frá Ljana gaf mér í skyn, að Magnar hefðu aldrei í sögu sinni þurft að grípa til efnafræðilegs eða kjarnorkulegs eldflaugaflugs út í geiminn. Þegar geimferðir hófust hjá þeim, var um að ræða 'viðloðendur' en það voru hringlaga flugvagnar, sem stjarnrænir kraftar léku um og gerðu þeim ljóshraðar geimferðir mögulegar.

Að loknu stuttu þróunarskeiði komu í stað þessara vagna kúlulaga geimför, sem með hjálp frumkraftarins náðu óendanlega margföldum hraða ljóssins. Ljana sagði: „Frumkraftardjúp viðgeimsins samtengir stjörnur, vetrarbrautir og yfirvetrarbrautir og gerði meira að segja forfeðrum okkar fært að leggja út á langferðir í geimnum, þar sem rúm og tími voru þeim engin hindrun“.

Með ýrtruðu eftirvæntingu fylgdist ég með sýnum þeim, sem nú bar æ hraðara fyrir, en þar sást hvernig Magnar þutu um hinar lífgeislum förnú víðáttur alheimsins, og löguðu sig að því er virtist fyrirhafnarlaust að hinum breytilegu skilyrðum ýmsra heima og að straumum þeim og geislunum, sem þar ríktu.

„Þú sérð hér aðeins brot af veruleikanum“, sagði Ljana svo sem til að stilla í hóf hrifningu minni yfir því, sem séð varð, „því að hugaraugu þín skortir það víðsæi, sem alheimsskynjun okkar felur í sér. Værir þú búinn þeim skynjunarhæfileikum mundir þú verða var við áhrif hins óendanlega alheimslífs og skynja hugaráhrif frá sjálfum stjórnunum. Þér mætti þá verða ljóst, að ekki aðeins plánetur og sólhverfi, heldur vetrarbrautir, eru lifandi heildarverur á æðra stigi og aflsvæði yfirlífheilda með sérstökum eðliseinkennum. En hver þeirra um sig gerir þeim milljörðum lífvera, sem þar lifa, kleift að þroska með sér sameiginlega eðlisskylt líf . . .

. . . Ef það á nú einnig fyrir ykkur Jarðarmönnum að liggja að vakna til alheimsvitundar og ef 'líftaugin' fer loks að

verka í ykkur, mun vitneskja ykkar um fjarlægjar lífstöðvar annarra hnatta verða að nokkurskonar 'vídækari áttagafræði' eins og þetta reyndar varð hjá forfeðrum okkar. Og þá mun ykkur ljóst verða, hvernig himinhnettirnir tengjast hverjir öðrum margvíslega með eðlisfræðilegum og líffræðilegum aflsvæðum, og að gagnkvæm andleg samskipti eiga sér stað milli hinna ýmsu vera, sem á þeim búa.

Hjá okkur, sem fyrir löngu höfum lagt geimferðaöldina að baki er ekki aðeins um það að ræða að hugaraflið leggi óbrotgjarnar brýr hnatta á milli og vetrarbrauta á milli, og að þau sambönd tengja alla framfarafúsa hnetti saman í heild sem keppir að sameiginlegu markmiði. Heldur nægir viljaeinbeitingin ein til þess að við flytjumst hnatta á milli, hvert sem við viljum, eða að minnsta kosti á þá hnetti þar sem þróunin og skilyrði hugarfarsins gera slíkar heimsóknir mögulegar.

.. En ég sé nú, að ég ætlast til of mikils, ef ég býst við skilningi hjá þér á því, að alheimurinn er takmarkalaus hafsjór meðvitunda og lífafsvæða, það er hugumgeislaður yfirlífheimur, sem þó er aðeins takmarkaður hluti af því sem hinn óendanlegi verundur leiðir fram úr skauti sínu ...

... Ekki megnar hugur þinn að skynja hina ótrúlegu lífsfyllingu þeirra sem komnir eru á sambandsleið alheimsins, þeirra sem vita að 'stjarnlíkami' þeirra eða lífafsvæði er eilíft og sprottið af hinum sama anda og þeim sem á öllum leikvögnum lífafslsins, í öllum heimum skapar og starfar

* *

Þessi takmörkun var réttmæt, því að það sem á eftir kom var eins og flugeldasýning sem saman stóð af áhrifamiklum myndum, sem gáfu yfirlit um furðufjölbreytta framsókn lífsins, og meгнаði ég ekki að átta mig nema á litlu

broti þess sem fyrir mig bar, — og get ég því aðeins minnzt á nokkrar einstakar myndir í litlu samhengi, sem hafa orðið mér ógleymanlegar, þrátt fyrir það hve annarleg og ókunnugleg öll sú saga var mér.

... Það fyrsta sem fyrir mig bar voru Magnar nokkurir úr fjarlægri fortíð, sem virtust verða til úr engu, og verða þó nærri því eins og raunverulegir frammi fyrir mér. Mér var gefið að skilja að þeir hefðu sem lífaflfræðingar fengizt við auka þroska líkams og sálar. Jafnvel á þeim öldum litu þeir á lífsstarfsemina ekki fyrst og fremst sem efna-skiptastarfsemi, heldur sem líforku- og lífraffræðilegt fyrirbæri. Þeir litu ekki á líkamann sem efnafræði- lífeðlisfræðilega heild eða „Organismus“, heldur sem „Dynamismus“, það er sem lífaflsvæði með þroskamöguleikum.

Jafnframt þessu varð mér það ljóst að í þá daga var við það fengizt, að efla líffæri hugsunarinnar og gera þau næmari, og einnig — hafi ég rétt skilið — skilningarvit hins fjar-sálræna, en lega þess eða líffæri þótti mér svara til þess sem læknar kalla ‘Solar plexus’ og er flétta æða og tauga í kviðarholinu. Einnig var stefnt að því að þroska ný skilningarvit — með sérstökum áhrifum á líkamann, sem Ljana kallaði ‘psychurgie’ eða hugþroskasmíði.

Hinar ágrípskenndu sýnir sýndu það glöggt, hvernig líkamir Magnanna urðu með tímanum sífellt fullkomnari verkfæri hugans, og eins og lifandi speglar almenns þroska jafnt innra samræmis og fegurðar hvers einstaks.

Eins og í tilbót kom það í huga mér, að skilningarvit okkar nemi reyndar aðeins lítið brot af því sem forfeður Magnanna gátu numið með sínum margbreytta næmleika á sviði sjónar, heyrnar, efnafræðilegrar, lífrænnar og alheimslegrar skynjunar. En vegna takmörkunar okkar í þessum efnum sjáum við ekki að raunverulega geisla allir hlutir frá

sér orku, og að hver lífvera á sína sérstöku, litskrúðugu og síkviku 'áru' eða lífgeislasvið. Ég skildi nú, að fyrir skynjun hinna fornu forfeðra Magnanna sem stóðu í svo nánú sambandi við náttúruna og alheiminn var tilveran svo margfalt auðugri, litskrúðugri, fjölbreyttari og víðfeðmari en okkur daufum og sljóum jarðarmönnum hefur nokkru sinni auðnast að sjá.

* *

Aðrar myndir úr frumsögu Magna munu hafa átt að lýsa því stigi þróunarinnar þegar breytt var um frá „skipulagi“ mannfélagsins, til þeirrar samstillingar, sem kom innan frá, hjá hverjum einum.

Hafi ég rétt skilið þá hlupu Magnar alveg yfir það stig þróunar, sem er hin tæknivædda vélmenning nútímans hér á jörð. En með lífaflfræði sinni náðu þeir valdi á hinum furðulegu möguleikum lífrænnar náttúru til skynsamlegrar tilhögunar og beindu þeim í átt til framþróunar og göfgunar, og á hinn bóginn neyttu þeir þess, sem þeir nefndu „frumkraft“ til þess að umbreyta efni og bergi eftir því, sem vilji þeirra stóð til.

Þá þegar var andleg forusta Magnanna komin í hendur nokkurskonar „menningaradals“. Það voru ættir, sem skapast höfðu á hundruðum árþúsunda við sífellt úrval þeirra, sem göfgastir voru og beztir, og voru það reyndar þeir, sem einnig réðu mestu um hinar ytri jarðfræðilegu umbreytingar hnattarins, sem mér urðu síðar kunnar af því sem fyrir mig bar.

Umbreyting hnattarins var furðulega stórvirk, og hófst, að því er mér virtist á því að hinn glóandi kjarni var látinn verða fyrir áhrifum 'frumkraftarins', með þeim afleiðingum að hæðarmunur jafnaðist milli hásléttna þurrlendisins og hafdjúpanna.

Aðrar sýnir leiddu í ljós hvernig samfara lækkun og jöfnun háfjallanna fór fram lyfting botns hinna tveggja úthafa, og þó þannig, að náttúran og lífríkið gat haldið áfram að þróast án verulegra truflana í hinum breyttu heimkynnum.

„Þá er ‘vökuvitund’ okkar ekki annað en dauf týra, og nærri því eins og svefn miðað við hina skæru vitundarbirtu Magnanna“, hugsaði ég.

„Það er rétt“, svaraði Ljana með hugskeyti. „Þið mennirnir horfið nær eingöngu á hið næsta efnislega umhverfi ykkar, en hafið varla minnsta grun af hundraðföldum stigum æðri veruleika þar fyrir ofan. Þessvegna er ykkur líka óskiljanlegt, að ríki lífsins og dauðans mynda sameiginlegt ríki hugarafsvæða, sem grípa hvert inn í annað, og sveiflast hvert með öðru; ríki þar sem enginn dauði er til, heldur leiða allar umbreytingar lífsins til þess að það kemur að nýju fram í fullkomnari mynd . . .“

.. Að lokum renna allar þróunarbrautir, af hversu fjarlægum stigum og víðholfum, sem þær eru ættaðar, sífelld meir saman á hástigi yfirheimsins, og þegar takmarkanir tímans eru að fullu yfirunnar enda þær brautir allar í skauti hins óendanlega verundar . . .“

En um þessa hluti reyndist mér ógerlegt að fylgjast lengra með Ljana og þeim furðulegu myndum, sem hann brá upp fyrir mér, né heldur skildi ég samband þeirra.

Enda leið nú að því að mér þótti allt þetta leysast upp í móðu óvitundar — líkt og draumur óskýrist og máíst úr vitundinni um leið og vaknað er.

„Heili hnattageimsins“

„ . . . man um eilffð heili hnattageimsins
hljóm hvers sálarstrengs í lífsins ríki“.

E. Ben.

Ekki veit ég nú hvort tíminn milli þess, sem frá var sagt í síðasta kafla, og þess sem nú skal greina, skipti dögum eða vikum. En hitt stóð alltaf skýrt fyrir mér, í hvaða röð sýnirnar hafði borið fyrir mig.

. . . Þegar ég var nú að nýju kominn þar sem ríkti hálf-rökkur af fölhvítu skini dvergstjörnnunnar Anú, varð ég þess var að Ljana stóð rétt hjá mér. Fannst mér sem hann vildi hughreysta mig, um leið og hann svaraði hinum leyndustu hugsunum mínum. En samtímis þessu var ég þó að rýna í ontóskópið og glöggva mig á stjörnumerkjum þeim, sem það sýndi.

„Eins og þú sérð, er jörð ykkar jafnt sem jörð okkar Magna og allar aðrar jarðir, sem þöglar renna skeið sitt um geiminn, varðveitt í skauti veralda-guðs. Einnig mennirnir standa — enda þótt það sé í fyrstu aðeins fáum þeirra ljóst — í sambandi við allt líf í alheimi. Hugsunum þeirra geislar út í fjarskann, og svör koma á móti, eins og þú hefur orðið var við og aðrir á undan þér.

Í alheimi getur ekki verið um neina einangrun að ræða.

Þegar loksins kemur að því að mennirnir komast á hið fyrsta stig alheimsvitundar, mun viðtökuhæfileiki þeirra vakna: þeir munu gera sér grein fyrir þeim gáfum sem þeim eru gefnar, og fyrir verkefnum sínum. Sambandið við aðra hnetti, sem þeir höfðu lengi naumast haft neinn grun um, verður þeim þá fyllilega ljóst og meðvitað . . .

... Í slíkri framtíð munu mennirnir, engu síður en við Magnar, læra að gegna öllum þeim hugsanaöldum, viljastraumum og eðlisgeislunum, sem til þeirra berast, og tengja þá skyldum verum hvarvetna í alheimi.

Af því sem þér var nú síðast sýnt, varð þér ljóst, hvernig við svörum hugaráhrifum úr fjarlægum heimshverfum, rétt eins og maður svarar því, sem við hann er sagt. Með hinum geimhröðu lífgeislum veitist okkur hver sú vitneskja, sem við æskjum, um hverja aðra stjörnu, um gerð hennar, um ástand lífheildarinnar, um menningarstig, um hugsunarhátt, um þroskastig og þróunarstefnu íbúanna, og ennfremur það, að hve miklu leyti íbúarnir eru okkur andlega skyldir — hvað sem líður líkamsbyggingu þeirra — og um möguleika á því að efla þekkingarsamband við þá báðum til gagns“.

„Hvernig fer þessi skynjun fram?“ spurði ég í huganum, og undireins kom svar við því:

„Í huga okkar hljóma sífellt raddir utan úr víðum geimnum. Í meðvitund okkar leiftrar sífellt myndum úr ókunnum veröldum. Líftaug okkar tekur sífellt við skilaboðum úr fjarlægum lífheimum, en vakandi ábyrgðartilfinning gerir okkur undireins ljóst, hvernig bregðast skuli við þessum skeytum, þannig að hinum henti sem best . . .“

... En þó svo að við rannsökum sálrænt og líffræðilegt þróunarstig áður óþekktra vera, og leitumst með bróðurhug við að örva þá hæfileika og krafta, sem með þeim búa, og þó svo að við sækjum fram að og út fyrir sérhverja þá ótölulegu marksteina, sem takmarka þekkingu okkar hverju sinni, og til þess sem áður var ókannað, og þó svo að hver þrautin eða verkefnið annarri erfiðari sé leyst, þá er þekking okkar og starf enn langt að baki þess, sem þú mundir nefna guðlegan almátt og alfullkomnun.

Enn á ný steypist yfir mig þessi tilfinning eftirsóknar eða

þrár, gagnvart hinum stórkostlegustu hlutum, sem hugar- myndir Ljana opnuðu hugarsjón minni og hin kyrrláta ósk mín var sú, að fá að vita meira um hlutverk Magna í alheimi, því að mér virtist þeir vera — þrátt fyrir varnaglann í ræðu Ljana — nokkurskonar gæzlumenn og örlagavaldar alheims- ins.

... Eftir því sem ég helzt gat látið mér skiljast var sem guð veraldanna hefði valið heimsríki Magna til þess að vera einskonar hugar- og viljamiðstöð alls lífs í alheimi: sem *heila hnattageimsins*, eða jafnvel hjarta hans.

Með dýpstu lotningu tók ég nú að líta á hvern einstakan Magna sem lifandi frumu í þessum alheims-heila. Þó var hver einstakur þeirra búinn sérstökum hæfileikum og fengið sérstakt hlutverk, sem með mikilli nákvæmni tengdist starf- semi annarra slíkra „heilafruma“. Ég sá heila- og viljageisla Sírfusarbúa þjóta til ýmsra átta í alheimi, til þess að koma fram áformum og stýra rás viðburða á hinum ýmsu hnöttum.¹⁾

¹⁾ Mörgum árum síðar, þegar ég var að rannsaka ýmis rit varðandi þessi mál, sem fengin reynsla knúði mig til að skyggjast í, rakst ég á setningu eftir Immanuel Kant í bók hans „Náttúrusögu himinsins“ (Allgemeine Naturgeschichte und Theorie des Himmels), sem kom mér fyrir sjónir eins og hún væri bein hugsending frá Mögnum:

Kant lét þar í ljós þá skoðun, að „Sírfus sé, í tölu þeirra stjarna, sem Vetrarbrautin myndast af, meginhnöttur og miðja alls hverfisins, sem allir aðrir hnettir tengjast“. Þessari skoðun til stuðnings færði Kant fram ýmisleg rök. Að því er niðurskipan vetrarbrautarinnar varðaði, skjátlaðist Kant um þetta atriði, en í stjörnufræðilegum skiln- ingi eru orð hans í samræmi við það, sem mér vitraðist.

Önnur setning, sem ég síðar fann, snart mig eins og rafmagnshögg, en það voru hin spámannlegu orð *Hölderlins* í „Hyperíón“:

Í þessu sambandi vaknaði einnig í huga mér sú spurning, hversvegna Magnar hefðu þá ekki fyrir löngu tekið fram fyrir hendurnar á framferði Jarðarbúa, sem með eigingirni sinni og óumburðarlyndi, árásargirni og grimmdarlegum styrjöldum hafa skapað sér svo blóði drifna sögu . . .

Það var sem Ljana brosti til mín, og gaf hann mér í skyn, að ég skildi ekki nógu vel, hvers eðlis máttur þeirra Magna væri, og sú ábyrgð gagnvart alheimi, sem leiðir af hinu mikla valdi þeirra.

„Við erum engan veginn sá stjórnandi heili alheimsins, sem þú varst farinn að telja okkur vera, heldur viljugir þjónar hins Eilífa. Við megnum alls ekki að grípa fram í fyrir þróun lífríkja á öðrum hnöttum, meðan þau hin sömu hafa ekki á eigin rammleik náð þeim heimsþroska, sem gerir raunveruleg hugsambönd og gagnkvæma hjálp milli hnatta mögulega.

Sérhvert lífríki verður að fara sína eigin leið til sjálfsþroska og til þess að gera sig að þeim veruleika sem því ber. Og þessa leið verður það að fara af *frjálsum vilja*. Einungis þegar nokkurri innri einingu er náð og almennt farið að vakna til vitundar um lífið í alheimi, getur orðið um að ræða það stjörnusamband við skyldar verur, sem leiðir til markvissrar þróunar upp á við . . .

. . . Að vísu getum við haft áhrif til hjálpar, yfir geimdjúpin, á þróun skyldra lífríkja, eftir að þau eru komin á það stig að gera sér grein fyrir stöðu sinni, sem hluta af lífinu í alheimi, en þó aðeins samkvæmt ósk þeirra sjálfra, og í lifandi anda gagnkvæmrar eflingar.

Þannig liðum við saman, Dítótíma og ég,
eins og farfuglar frá einn veraldar-vori til annars.
Yfir víðáttur Sólar- svæðisins
og þaðan að gullnum ströndum *Síriusar*
og að andheimsdölum Arktúrusar . . .“

Einungis þar sem þessa er gætt, getur ósk þín orðið að veruleika.“

* *

Ljana hefur sjálfsagt fundið, að enn skorti mikið á skilning minn á þessum efnum, því að í framhaldi af þessu reyndi hann að gera mér skiljanlegt, að það sem alltaf á nokkurn þátt í ákvörðun Magna, — en er okkur mönnum enn mjög hulið, — er það, sem hann nefndi „orsakaskilning í alheims-samhengi“, eða örlagaskyn:

„Hvenær sem við veitum viðtöku hugsendingum frá öðrum hnöttum, sjáum við fyrir örlagaskyn, hvernig kraftlínur verðandinnar eins og tvöfaldast: Annarsveggar skynjum við lífverur og hluti, ástæður og tilhneigingar, eins og þær mundu af sjálfu sér þróast áfram, — hinsveggar hvernig þróunin *gæti orðið*, ef við yrðum við óskum þeirra, sem í hlut eiga, og tækjum að hafa áhrif þangað á einn eða annan hátt.

Skildu mig rétt: Samtímis því, sem við komum auga á ákveðinn möguleika til að veita hjálp, skynjar örlagaskyn okkar jafnframt hinar ýmsu leiðir, sem lífverurnar, hlutirnir og atburðirnir mundu fara annars. Þannig getum við virt fyrir okkur hina ýmsu möguleika og fyrirframskynjað hinar örlagaríku afleiðingar, og á grunni þessa valið þá leið, sem best svarar til vilja og viðleitni og þróunartilhneigingar þeirra, sem í hlut eiga, og þannig náð fram hinni beztu þróun, sem völ er á“.

Meðan hann var að segja mér þetta, mundi ég ósjálfrátt eftir ýmsum dæmum um það, sem á bernskuslóðum mínum í Norður-Þýskalandi var nefnd „hin önnur sjón“ eða „sjötta skilningarvit“ og þýddi það, að menn sæju eins og í dimmum spegli einhverja yfirvofandi hættu, eða þá að maður varð eins og hlutlaus þátttakandi í einhverju, sem í fjarska gerðist.

En undireins skynjaði ég ákveðið *Nei* við þessu frá Ljana. „Það sem við sjáum, er ekki neitt dauft endurskin þátttöku í hugsun og lífi annarra, heldur jafnast það á við beina vöku-sjón mannsins. Eins og þér sýnist, þegar þú gengur hratt í ákveðna átt, að fjarlægur hlutur færirst þér nær, þannig sér orsakasjón okkar þá framtíð færast nær, sem — vegna þess hve allir þættir tilverunnar eru örlagabundnir saman — óhjákvæmilega mundi leiða af þessari eða annarri tilverkan af okkar hendi . . .

. . . En þessi örlagasjón okkar er takmörkuð. Þó getum við, ef okkur verður ljóst, að það sem til stefnir, sé gagnstætt eðli þeirra hluta, sem í hlut eiga, og gagnstætt þróunar-lög-máli, gripið í taumana um leið og við beinum þessu á aðrar leiðir, þannig að betur gegni fyrir alla aðila.“

„En þá eruð þið Magnar að vissu leyti guðlegir örlaga-smiðir“, hugsaði ég.

„Einungis að vissu marki“, sagði Ljana. „Reglubundin lög-mál alheimsins getum við ekki brotið, né vikið okkur undan þeim. Við getum aðeins — um leið og við gætum fyllstu ábyrgðar okkur — haft áhrif á umbreytingar sem eru að gerast, þannig, að þær beinist heldur upp á við en hitt og allt verður slíkt að gerast í samræmi við alheimsáform veraldaviljans, að svo miklu leyti, sem við verðum hans áskynja.“

Þetta er nú næsta stórkostlegt, hugsaði ég, ef Magnar geta skyggnt í einstaka þætti ótölulegra orsakakeðja, sem renna fram í rás tímans og greint innra samband þeirra á milli, og tekið síðan á öllu þessu neti örlagaþráða til breytingar þannig, að verðandin taki þá stefnu, sem þeim virðist best henta. Þannig eruð þið Magnar — hugsaði ég — í samanburði við okkur menn vissulega *Guðir*.

„Engan veginn!“ svaraði Ljana mér jafnskjótt með hug-anum, „að minnsta kosti ekki í þeim skilningi, sem Jarðar-

menn tala um 'Guði' sem almáttuga heimsstjórnendur. Við erum líkamsmýndir þess krafts, sem veröldin er af, en þó aðeins þjónar guddómsins, hins mikla verundar, vakandi og viljug verkfæri hugar og lífs, og stöndum þannig hinum Eilífa nokkru nær en íbúar hnattar þíns, sem enn eru sér lítt meðvitandi um hið beina samband sitt við hið guðlega . . .

Samkvæmt hugsun okkar, vakandi og rökréttri, er allur sá alheimur, sem mennirnir ná til að skoða með tækjum sínum, hluti geysimikillar lifandi veru yfirheimsins, sem bylgjar krafti sínum um allar himnaleiðir. Þar er um að ræða dásendir lífafslsins svo ríkulegar, að ykkur mönnunum er algerlega um megn að gera ykkur þær í hugarlund. Og þó er þessi vera aðeins *eitt* af ótölulegum ríkjum lífsins í hinu víðari yfirheimi, en stærð hans megna Satjar einir að mæla.

. . . En yfir hina víðari yfirheima spanna enn æðri heildir lífsins, og um þær segja sjálfir Satjar, að þeir viti ekki stærð þeirra . . .“

* *

Mér þótti vænt um það, að Ljana sneri sér aftur að þeim spurningum, sem vaknað höfðu í huga mér gagnvart hinu mikla valdi Magna — sjálfsagt til þess að forða mér frá mis-skilningi í því efni.

„Allt eftir því hverrar hjálpar er leitað hjá okkur — frá öðrum stjórnnum — megnum við að auka fjarhrif viljaafsvæðis okkar, í samræmi við alheimsviljann sjálfan.

Viljinn er sá kraftur, sem mestu veldur um ásigkomulag og þróun allra heima. Hann er máttugri en þyngdar-krafturinn. Því að sá kraftur minnkar í hlutfalli við fjarlægðina, en áhrifa-afl viljans eykst með endurtekningu athafnar og hugsunar, og engin fjarlægð getur dregið úr mætti hans.

Jafnvel ljósgeislar sólarinnar verka til umbreytingar á efni

nálægra reikistjarna og tungla þeirra. En því, sem ljósgeislarnir megna aðeins á löngum tíma að umbreyta á yfirborði hnattarins, og í ríki lífsins með beinum eða óbeinum verkunum, koma hugsana- og viljageislar oft umsvifalaust til leiðar með einbeitingunni einni saman. Hugsana- og viljaáhrif eru hlutir, sem bíða þess að verða að efnislegum veruleika, en hlutir þeir og kringumstæður, sem fyrir liggja, eru hugsana- og viljaáhrif, sem hafa náð að líkamnast . . .

. . . Á leiðum „fjarvilja-verkunarinnar“ megnum við að koma til leiðar huglægum, sálrænum, eðlisfræðilegum og lífræðilegum umbreytingum á öðrum hnöttum engu síður en í næsta námunda okkar. Því að með viljaátaki tekst okkur að koma til leiðar þeim verkunum *frumkraftarins*, sem koma fram í því, sem þú ýmist nefnir 'orku' eða 'efni' . . .

. . . Frumskilyrði er þó sambandsþroski og tilfinning fyrir mikilleika alheimsins hjá þeim, sem viljandi leysir frumkraftinn úr læðingi. Því að um leið og hann losnar, tekur að gæta hugrænna og geðrænna krafta, sem orkað geta til eyðileggingar, nema sá guðlegi vilji, sem einnig er vakinn, nái yfirhöndinni og beini kraftinum til sköpunar og uppbyggingar eftir réttu áformi.

. . . Þetta er lifandi kraftur, sem kveiktur er af báli alheimsviljans, og þegar sá kraftur vaknar í einum fyrir áhrif frá öðrum, verður hann honum að eigin vilja, og getur þannig orðið til að samstillta vilja og verk margra, sem þó eru sjálfstætt starfandi.

Máttugri en aðdráttarafllsvæði sólna og reikistjarna eru viljaafllsvæði sambandsnæmra lífvera, því að þær starfa í samræmi við alheimsviljann. Þau aflsvæði eru eins konar kristöllumaröxull eða burðarstoðir þess veruleika, sem af þeim skapast. Þar með verður einnig að telja umsköpun efnisins, en efnid er í rauninni ekki annað en kristölluð

hugarorka — svo að ég reyni að gera þér þetta nokkurnveginn skiljanlegt“.

Hvort skilningur minn hefur verið fullnægjandi veit ég ekki, því að skyndilega rofnaði sambandið, og um leið varð mér ljóst, að ég lá í rúmi mínu, í morgunbirtu rísandi dags.

Ríki stjarnheima

Það kom mér þægilega á óvart, þegar ég vaknaði aftur, til hinnar fullkonnari meðvitundar í sambandinu, að nú stóð *Turiya* hjá mér og gaf hann mér í skyn, að hann myndi taka til þar sem Ljana hætti, og sýna mér meira af furðum alheimsins.

„Á hnetti þeim sem við byggjum, nemur íbúafjöldi ekki nema einum milljarði Magna, en hinsvegar eigum við mjög náin samskipti við ótöluleg mannfélög á öðrum hnöttum, bæði í þessari vetrarbraut og í öðrum vetrarbrautum. Á fjölmörgum þessara hnatta búa Magnar.

Þannig spannar hugur okkar og vilji, og hið víðara samfélag okkar, yfir milljónfalt stærra svæði en sjón þín og hugur þinn fær numið, á stjörnuþjartri nóttu. Tilvera okkar er samofin tilveru ótölulegra íbúa á milljónum milljóna hnatta.“

Um leið og þessar hugsanir streymdu fram, töfraði 'ontóskópið' fram í huga mér furðulegar myndir úr hinu víðlenda heimsríki Magnanna. Og allra snöggvast varð mér reyndar þannig við, að tilfinning tómleika gagntók mig vegna eigin smæðar. Mér varð það á að samlíkja jörðunni við örsmátt rykkorn, sem hrekst með einhverri öldu úthafsins, án þess að nokkur hinna djörfu sæfara, sem fara um hafið á skipum sínum og lifa þar lífi sínu, veiti því minnstu athygli . . .

„Nei“, svaraði hugur *Turiya* uppörvandi, „því að himinþrá mannsins munu vængir vaxa, og að því mun koma, að þeim mun veitast að hefja sig til flugs um geiminn. Mennirnir munu komast í samband við mannfélög, sem þeim eru ná-tengdari en þig grunar . . .

... Hjá einstaka mönnum hefur það reyndar gerzt á fyrri öldum, að hugboð vaknaði um möguleika framtíðarinnar, sem var raunar ekki annað en endurómur hugsendinga frá skyldum íbúum annarra hnatta. Og efniviður hugboðsins var — þó að viðtakendum sjálfum hefði virzt það draumórakennt — raunsönn vitneskja um það, sem á öðrum hnöttum var þegar orðið að veruleika.

... Þú veizt það nú, að þrá þinni eftir vitneskju um gerð alheimsins hefur verið svalað. Hitt mun þér einnig veitast að vita um innri sambönd alheimsins.

* *

Og nú var eins og lokuðust sjónum mínum hinar óendanlegu víðáttur alheimsins, en í stað þess var sem ég færi að fylgjast með forfeðrum Magnanna á ferðum þeirra að yztu mörkum hins skynjanlega heims ...

... Samfara þessu vaknaði tilfinning mín fyrir því, sem enn einu sinni hafði hin dýpstu áhrif á mig: að stjarnfylkingar og vetrarbrautir, sem mannlegu auga hafa virzt standa kyrrar um þúsundir ára, væru í rauninni allar á hreyfingu.

Hversu margar kynslóðir munu koma og fara, hugsaði ég, áður en hinar kyrru stjórnur, fastastjórnur eins og við köllum þær, hafa breytt svo um afstöðu, að merki þau, sem þær mynda, eins og þær horfa við frá jörðunni núna, hafa sýnilega breytt um lögum ...

Samtímis þessu varð mér það ljóst í vitrana-ástandi þessu, sem ég hef síðar fengið staðfestingu á í stjörnufræðibókum — en þó naumast eins skýrt og greinilega og í reynslu minni, nefnilega þetta: Ljosið frá sólu okkar er átta mínútur á leið til Jarðar; ljósgeisli frá Síriusi: nærfellt nú Jarðar-ár að komast hingað; ljós sumra fjarlæggra sólna: hundruð og þúsundir ára; ljós hinnar næstu vetrarbrautar, Andrómedu-þok-

unnar: um tvær milljónir ára; en ljósið frá fjarlægustu grein-
anlegum vetrarbrautum: þúsundir áramilljóna . . .

. . . Um leið og ég fylgdist með því í 'ontóskópinu', hvernig
hinir fyrstu geimfarar Forn-Magna þutu með ofurljóshraða
til hinna fjarlægustu stjarna, var það tvennt, sem mér kom
sérstaklega skýrt fram í huga:

Annað var þetta: að stjörnustraumar og vetrarbrautir, sem
fyrir mig bar eins og væru þær í kyrrstöðu, komu mér í
rauninni fyrir eins og þær höfðu verið fyrir löngu, fyrir
þúsundum og milljónum ára, og á þeim svæðum geimsins,
sem þær þá voru. En um leið skynjaði ég, hvernig sólinnar
fóru að færast úr stað, hægt, eftir þúsundum leiða um geim-
inn, hver með annarri og hver um aðra; hvernig myndir
stjörnumerkjanna breyttust; hvernig einstakar vetrarbrautir
komu mér nær og stækkuðu, unz í ljós kom, að hinar björtu
álmur, sem fyrst virtust ganga eins og gormlaga út frá miðri
vetrarbraut, leystust upp í þúsundir sólnakerfa.

Enda þótt mér birtist öll þessi þróun í myndum, sem
bar hratt fyrir, tókst mér að fylgjast með og skilja þetta,
sem mér var sýnt. Og ég fékk einnig að vita, að um leið
og hugur minn náði að skynja ómælanleika víðheimsins, var
jafnframt verið að sýna mér sambandið milli 'rúms' og 'tíma'.

. . . Og eitt örstutt, hrifningu þrungið andartak stóð mér
það skýrt fyrir hugarsjónum, hvernig þessi ógrynni himin-
stjarna stöðvuðu allt flug sitt og rás, og það varð eins og
ég stæði á bak við hreyfingar allra hluta — handan þeirrar
meðvitundar, sem sér og skynjar, handan rúms og tíma, á
augabragði, sem aldrei liði . . .

Meðvitund mín virtist nokkrar sekúndur vera hin sama
og meðvitund Turiya. Ég sá augu hans hvíla á mér, og
skynjaði glaður í huga, að hann hugsaði JÁ:

„Við skynjum sjálfa okkur bæði í og utanvið hina storma-

sömu þróun óendanlegs alheimsins, jafnskjótt og við verðum okkur meðvitandi um hinn óumbreytanlega neista alheimsviljans í okkur sjálfum. Þá verður okkur ljóst að: allt þetta ert þú sjálfur!

. . . Á þessum stundum, sem við sameinumst guði alheimsins, finnum við, að hann er óumbreytanlegur sem þungamiðja og hugur allra heima, jafnt sem okkar eigin eðlis, og við finnum, að við erum alls staðar og á öllum tímum í ástarfaðmi þeirrar veru.

Öryggi það og vissa, sem fylgir þessari meðvitund, hvatti forðum og hugstyrkti forfeður okkar, og lýsir hún sér vel í einu af stjörnukvæðum fyrstu geimfara okkar. Ég ætla að fara með það, og ég mun vekja þér tilfinningu fyrir anda þessara hugsana.“

. . . Meðan heyrn mín nam klið hnattanna, endurómuðu í hjarta mér hugarljóðsmyndir hins forna Magna-brags, sem ég reyni hér á ófullkominn hátt að endursegja:

Engar takmarkanir hefta sókn vora — fram til fullsælu
óendanleikans!

Hvergi er strönd að líta á hinum veltandi öldum geimdjúpsins, dýpt þess og vídd mælir enginn hugur . . .

Sjálfir erum vér sem stjarna meðal stjarna, — fljúgum af hnetti hnattar til, og heilsum lífinu, sem byggja skal allar
jarðir . . .

. . . Því lífi, sem nú baðast í ljósi litmargra sólna, jafnt sem því, sem enn blundar í skauti framtíðarinnar.

Í hjartaslögum sjálfra vor slær hjarta alheimsins.

Í öllu lífi allra stjarna endurþekkjum vér oss sjálfa.

Með bróðurhug heilsum vér lífinu í öllum víðáttum geimsins, því lífi, sem leitar fram til guðlegrar fullkonnunar.

Hvar sem lífið grær, sjáum vér spegil þess heimslífs, sem
er vort eigið.

Frá stjörnuhverfi til stjörnuhverfis flýgur hugur vor, óendan-
 lega, óendanlega.
 Um þessar fjarlægu slóðir hafa geislar sólar vorrar aldrei
 skinið!
 ... Þar sem sjálfan ljósgeislann þrýtur, á leiðum ómælan-
 leikans, liggur leið vor fram.
 Hvíldarlaust sækjum vér fram í leit vorri að hinum yztu
 mörkum.
 Sífeldlega birtir fyrir nýjum heimshverfum úti í hinni óendan-
 legu víðáttu, allt eins og óþekktum furðuströndum nýrra
 landa.
 Lengra skal þó haldið og frammar, óendanlega, óendanlega.
 Hversu margar sem þær veraldir verða, sem vér leggjum að
 baki oss, í þrotlausri sókn vorri,
 þá erum vér aldrei nema við upphaf óendanleikans.
 Geimur allra heima á sér engin takmörk.
 Jafn takmarkalaus er hugur vor og jafn óaflátanleg þrá vor
 til hin Eilífa — þangað sem vér vondjarfir stefnum, óendan-
 lega; óendanlega ...“

* *

Við það að hlýða á kvæðið og njóta hinna margbreyttu
 áhrifa, sem það bar með sér, vaknaði mér áköf löngun til
 að geta fylgt með forfeðrum Magna á geimferðum þeirra —
 þó ekki væri nema með myndum — og að skoða með þeim
 furður fjarlægra heima.

Við þessari ósk minni var einnig orðið. Myndaröðin breytt-
 ist, og ég sá, hvernig hinir fornu Magnar komust í fyrstu
 geimflugstilraunum sínum til næstu nágrannahnatta ...

... Jarðstjarna kom inn í sjónsviðið, sem enn virtist
 vera á frumstigi þróunar sinnar ... Meginlönd risu úr rjúk-
 andi frumhöfum, sem í sífelldum, áköfum flóðbylgjum gengu

yfir strendurnar . . . Einungis á heimskautasvæðunum virtust vera fenjasvæði, þar sem hið fyrsta jurtalíf var að vakna, og sló af því brúnleitum lit á landið.

Auðsætt var að langur myndakafli féll úr, því að nú breiddist út fyrir sjón minni undraland enn annars hnattar . . . Við mér blöstu víðáttumiklir skógar af burknakenndum trjám, en skordýr, sem líktust gullsmið, suðuðu yfir furðulega kyrrstæðu vatni, sem þó virtist vera fullt af lífi . . .

En einnig þessi mynd hvarf mér sjónum.

. . . Næsta reikistjarna, sem fyrir mig bar, og varð mér minnisstæð, var fylgihnöttur nágrannastjörnu sinnar, sem sneri auðsjáanlega sífellt sömu hlið að sól sinni, en sú hlið var eins og bráðin og glóandi, þar sem á nátthliðinni mátti sjá mikinn og samfelldan ísskjöld með mörgum skriðjöklum til jaðranna . . .

. . . Þegar ég kom nær, sá ég mér á hægri hlið hvar glóandi hvít sól skein yfir lífvana steinauðn, en til vinstri hliðar var að sjá geysimikinn skýjabakka, og skaut þaðan eldingum á ýmsa vegu niður til jarðar. En hvíta rönd sem eygja mátti í fjarska hugði ég vera hluta hins eilífa jökuls myrkurhliðarinnar.

Milli þessara öfga íss og hita, glampanði birtu og heljar-mykurs, lá eins og band eða belti umhverfis hnöttinn, rökkursvæði, sem bar eins og með sér áhrif ömurleikans. Féllu ár og lækir frá dimmu hliðinni um þetta svæði þangað sem þau þornuðu upp úti í hinni brennandi steinauðn.

Það virtist næsta ólíklegt að í þessu síherjandi víti andstæðna frosts og funa, regnflóðs og skrælnandi þurrks, næði nokkurt líf að þróast, en þó gáfu háar turnasamstæður, með þúsundum opa á hliðunum það til kynna, að svo væri. Hafi ég rétt skilið, voru þetta bústaðir vera nokkurra, sem líktust maurum eða termítum, og sá ég, að út frá turnunum lágu

ljósar ræmur eins og geislar í allar áttir, sem virtust vera einhvers konar gróður, og einnig var þarna um sveppakennt plöntulíf að ræða.

Meira náði ég ekki þarna að skoða, því að á eftir þessari myndaröð komu fljótt nýjar myndir nýrra hnatta. En mér varð það ofviða að geyma í minni til frásagnar, það sem fyrir mig bar, á leið þeirri, sem farin var að miðju vetrarbrautarinnar og út að jaðri hennar hinum megin, á hinum ýmsu hnöttum . . .

* *

Jarðstjarna nokkur, sem var öll hulin hljújum hafsjó, varð mér ógleymanleg:

Skyndilega bar fyrir sjónir mínar, í djúpi geimsins, geysmikla kringlu reikistjörnnunnar, sem þegar tók yfir þriðjung himinsins, og fór sívaxandi, þangað til hún virtist draga Magna-geimfarann að sér eins og einhver vítishvoftur . . .

. . . Þessu næst veitti ég því athygli, hvernig ljós stjarnanna fór að dofna og hvarf loks í birtu þeirri, sem frá sól stafaði . . . Þokudreifar stígu upp og liðu fram hjá . . . Nú sá ég út yfir haf, sem hvergi tók enda . . . og senn var geimfarinn farinn að sveima um frumhafsdjúp þessa hnattar, þar sem ekki þurfti sólarbirtu við, því að lífið, sem hér hafðist við, lýsti sjálft.

Ólýsanlegur var botn þessa frumhafs, sem engar strendur lágu að, en niðri í því voru, eins og mér var gefið í skyn, lítil „lönd“ þar sem samhvirkingar þörungakenndra plantna, furðulega litskrúðugar, mynduðu mikil bákn saman, en angar nokkrir teygðu sig frá slíkum samhvirkingum í ýmsar áttir um straua þá og sog, sem þarna mynduðust . . .

. . . Á milli þeirra sveimuðu amöbukennnd, sjálflýsandi dýr á stærð við mann, sem þrátt fyrir stærðina voru aðeins ein

fruma, og önnur minni, staflaga, sem hlaupkenndir kekkir loddu við. En við snertingu tóku þessir kekkir að hreyfast, skutu frá sér þreifíöngum, spúðu úr sér gruggi, og hurfu síðan snögglega . . .

En nú beindist öll athygli mín að kristalkenndu kúluhylki, sem líktist risavaxinni valhnot alsettri broddum, og „gluggum“ sem líktust nautsaugum. En út úr þessum augum skutust hvítir þreifafarar, sem kipptust þó aftur í sama far og hurfu . . .

. . . Ennfremur svifu þarna ýmis önnur broddum sett sjávardýr, með tenings-, kross-, krónu-, og sívalningslagi. Sum þeirra voru með marglitum ljósaröðum á kristalshylkjum sínum og minntu þau helzt á hafskip á siglingu með fullum ljósum, en önnur voru eins og skartgripaskrín full af demöntum . . .

Nú sá ég eitthvað, sem líktist geysimiklum olúgeymi, en meðfram honum teygðust gildir plasmaþræðir og lágu í rásum utan á honum báðu megin og gerðu honum mögulegt að sýna liprar hreyfingar. Síðan komu dýr, sem líktust marglittum og voru með svipukenndum þráðum á hraðri hreyfingu, sem skutu dýrinu áfram með rykkjum og kippum . . .

Augljóst var, að í djúpinu leyndust lítt friðsamleg sjávardýr, býsna stórvaxin, sem líktust geysistórum kolkröbbum. Með nærri ósýnilegum, slöngukenndum örmum sínum gripu þau minni dýr, brutu skeljar þeirra, og mér varð það átakanlega ljóst, að þrátt fyrir alla þá fegurð líta og lögunar, sem hér var að sjá, réði hér hin hatrammasta barátta fyrir lífinu ekki síður en á stjörnunni Jörð . . .

Hugsun frá Turiya gaf mér í skyn, að einnig hér væri um að ræða samlífisform jurta og dýra, og að einnig hér myndi koma að því að í rás tímans yrði baráttan fyrir lífinu að víkja fyrir hinni sársaukalausari samkeppni hugsandi vera, sem miðar til fullkomnunar lífsins.

Meðan ég hugleiddi þetta mál, og reyndi að setja mér fyrir sjónir hin geysilega löngu þróunarbíl frá þessum ungueimi til hins aldamilljónum eldra lífríkis jarðarinnar, að hinni langtum fullkomnari og lengra framþróðu veröld Magnanna, hurfu mér þessar sýnir hinnar undarlegu úthafsjarðar.

... Og senn skaut geimfaranum upp úr hafinu og uppúr skýjahafi plánetunnar út í heiðan geiminn — í átt til nýrra lífheima.

* * *

... Síffellt hraðar bar fyrir mig myndir nýrra veralda, þar sem lífsformin höfðu náð að þróast á síffellt hærra stig, í sífbreytilegum gervum, þangað til ég megnaði ekki lengur að fylgjast með hinum hröðu umskiptum sýnanna.

Mér hefur einnig reynt það ógerlegt að semja lýsingar hinna fjölmörgu hnatta, sem skoðaðir voru, og urðu mér síffellt ókunnuglegri, eða lýsa þeim furðulegu verum og samfélögum þeirra sem þar áttu heima.

En Turiya hefur sjálfsagt ætlað sér með þessum ótrúlega fjölskrúðugu myndasýningum að gera mér sem ljósasta furðulega fjölbreytni lífsins á hinum ýmsu hnöttum.

Það sem bezt geymdist í minni mínu, þrátt fyrir ýmsar eyður og skörð, var sá skilningur, að meðal þeirra milljóna vera, sem þróast á hinum ótölulegu hnöttum vetrarbrautarinnar, séu ekki nema fáar sem líkjast Mögnum, og okkur Jarðarmönnum, né heldur að þær séu meir en lítillaga skyldar okkur líffræðilega, né að þar sé ríkjandi sú beina skipting í dýraríki og plönturíki, sem hér þekktist.

Auðsjánlega var sköpulag mannsins ekki sú regla, sem andlegur skyldleiki milli hnatta byggðist á, heldur undantekning. Ég spurði mig því ósjálfrátt, hvernig stæði á hinum

nána skyldleika líkamsbyggingar okkar manna og Magnanna, úr því að hinar ótölulegu verur annarra hnatta á líku þroskastigi væru þeim svo ólíkar í sjón . . .

„Skyldleiki líkamsbyggingar okkar“ skynjaði ég frá Turiya „stafar af því, að lífsstöðvar okkar beggja eru á hinu sama geimsvæði. Við erum nágrennar í geimnum. Hnettir okkar hafa lík jarðfræðileg (stjörnujarðfræðileg) aðaleinkenni. Og þessvegna gilda sömu þróunarlögmál um lífríki hnatta okkar . . .

Miklu ókunnuglegra og óskiljanlegra kann þér að virðast það sem í ljós kemur, ef þú ferð að fylgjast með hinum lengri geimferðum forfeðra okkar. Þar færð þú að sjá, hvernig þeir héldu út fyrir jaðra vetrarbrautarinnar, út í hinn auða og sólnalaus geim unz birtunnar frá hinni dauft og fjarlægt lýsandi nágrennavetrarbraut tekur að gæta í vaxandi mæli.

* *

Í raun og sannleika sá ég í síðari myndum hvernig ferðahraði geimfarans margþúsundfaldadist, og hvernig hann smám saman þokaðist nær jaðri vetrarbrautar okkar . . .

Geimurinn varð sífellt auðari að sólum. Meginhluti vetrarbrautarinnar var tekinn að hverfa í baksýn, og þegar titið var til baka líktist hún einna mest því, þegar horft er á stórborg úr nokkrum fjarska, þaðan sem einstök ljós greinast ekki lengur að, heldur renna saman í bjartan ljósdíl sem með vaxandi fjarlægð smækkar og óskýrist . . .

Ég sá sólnaþyrpingar í yztu örmum Vetrarbrautarinnar verða að grönnum þokutaumum, jafnframt því sem ljósflákar *Andrómedu*-vetrarbrautarinnar komu æ skýrar í ljós . . .

. . . Nú fór vetrarbraut okkar að taka á sig þá sporöskjmynduðu sveiplögun, sem sjá má á *Andrómeduþokunni* frá jörðu okkar . . . Og stórar stjörnuþyrpingar, margsamsettar

af öðrum smærri, tengdust aðalstofni vetrarbrautar þessarar eins og perlufestar lagðar í sveig út frá miðju.

Úr þessum reginfjarska var mér ekki lengur unnt að greina það svæði, sem sólin okkar og Sírius eru á, enda varð nú vetrarbrautin okkar sífellt minni, jafnframt því sem sólna-mergð Andrómedu fór nú að koma æ skýrar í ljós . . . :

Svolítill glætudíll úti í fjarska geimsins var orðinn að risa-vöxnum ljósvæng milljóna sólnaþyrpinga, og ofan í þetta ljóshaf steypiti geimfarinn sér nú, þangað til heildarmyndin tapaðist, um leið og farið var að færast inn fyrir jaðra þessa heimshverfis.

Loks hélt geimfarinn með minnkandi hraða í átt að nálægri stjörnuþyrpingu . . .

* *

Úr safni hinna ótölulegu minninga um það, sem fyrir mig bar í líki geysimikillar myndasýningar, hefur ekkert orðið mér eins varanlegt og sá stormur hrifningar, sem fer um hugann, þegar stjarnþránni miklu er fullnægt.

Aðeins ófullkomlega skynjaði ég það, hvernig Magnar fleygðust áfram gegnum hið víðlenda stjörnuríki Andrómedu, og héldu svo áfram að baki þess, í átt til þúsundfalt fjarlægari vetrarbrauta . . .

Enn á ný hríslaðist um mig, um leið og þetta bar fyrir mig, hin gagntakandi geimvíðáttu-hrifning, sem fór um hug hinna fyrstu geimfara þegar þeir héldu á vit hinna auðugri víðheima, og gerðu sér jafnframt grein fyrir hlutfallslegri smæð eigin vetrarbrautar, sem lá þeim nú langt að baki í hafsjó milljóna sólnasveipa af líkri stærð.¹⁾

¹⁾ Síðar á ævinni varð mér ljóst, að hin sama þrá til stjarnanna sem fyllti hug minn þegar í æsku, hafði einnig brunnið í hugum annarra,

Enn á ný fyllti huga minn sú tilfinning, að þessir óendanlegu herskarar vetrarbrauta væru aðeins hluti annarrar heildar — enn stærrí — og þannig síendurtekið óendanlegar leiðir upp á við og niðurvíð . . .

Í leiftursýn þóttist ég sjá sjálfan mig í djúpi einhvers ljóshafs, en víðáttur þess og lífs-storma megnaði enginn hugur að mæla.

Og enn leyfði Magninn mér að skynja, hve óendanlega langt úr yfir víðáttur yfirgeimsins lífið teygir rætur sínar . . .

. . . Greinilegar en nokkru sinni fyrr varð mér ljóst, hvernig hvað eina, sem gerist, og hvar sem er í hinum lifandi alheimi, varðar okkur mennina og verkar á okkur, þar sem allt líf er í innsta eðli sínu skylt og stendur á sameiginlegri rót.

Spurningu minni um það, hvaðan þessari ógrynnis-lífsfyllingu stafaði var mér til mikillar undrunar svarað þannig, að allt líf ætti uppruna sinn, ekki í ríki efnisins, heldur í hugaveröldu. Að í upphafi allrar verðandi í alheimi tækju „andar lífsins“ sér bólfestu á hinum ýmsu hnöttum, sköpuðu sér síðan sífellt grófari stjörnuform, og lærðist loks að klæðast

— jafnvel þótt þeir fengu henni ekki svarað. Einn þeirra sem þannig var farið var *Beethoven* sem gaf þessa hjartans þrá sína til kynna með hinum áhrifamiklu orðum:

„Ó þú konungur himinsins, hjarta stjörnugeimsins, Faðir guða og manna! Mætti ég aðeins einu sinni lyftast til hinna ótölulega hnatta þar sem þú hefur opinberað stærð þína margfalt meir en á þessari jörð! Mætti ég, allt eins og ég nú geng milli blómanna, fljúga af hnetti hnattar til — unz ég kæmi til þess heilaga staðar þar sem þú situr í þínum ólýsanlega dýrðarljóma!“

Hversu mörg mannahjörtu skyldu hafa fundið hina sömu þrá bærast með sér áður og síðar en þetta var — og hversu mörgum skyldu hafa hlotnast slíkar undrasýnir stjarngeimsins?

efni þess plánetubústaðar, sem um væri að ræða. Síðan færu þessir lífsandar að finna sér vaxtar- og búsetustaði í sífellt nýjum og fullkomnari líkömum, og að gera þá að verkfærum síhækkandi framþróunar og eðlisfullkomnunar.

Ég varð sem agndofa þegar rann upp fyrir mér, að við mennirnir værum í þróun lífsins jafn-nákvæmlega staddir á miðri leið, og hver og einn er staddur í víðáttu geimsins þá er hann í miðjum hinum takmarkalausum geimi allra heima.

Leið lífsverðandinnar virtist mér liggja jafnt „að baki“ og „upp yfir“ okkur í hið óendanlega.

Að baki gríma og gerva svo trilljónum skiptir — vakir lífið hvarvetna um víðgeima og yfir-víðgeima, jafnt sem í þúsundfalt stærri ríkjum ósýnilegs heims — allt í þeim tilgangi, að það nái að birta sjálfseðli sitt, gildi sitt í alheimi og vitnisburðinn um guðlegan uppruna sinn.

Satjar

... Mig grunaði það ekki að endurupptaka samstillingar huga míns við Samana — eins og þeirrar sem varð, þegar ég fór fyrst að sjá — mundi verða til þess, að sýnir mínar tækju enda.

Í sælli hrifningu gaf ég frá mér merki um lotningu mína fyrir huga veraldanna, þeim sem geislar sér um hina óendanlegu víðheima og yfirvíðheima í sköpunarþrá sinni, og fyllir alla heima með óendanlegu lífi.

Enn á ný varð mér ljóst, hve smá og takmörkuð þau geimsvæði voru í rauninni, sem forfeður Magna höfðu stíkað út á geimferðum sínum, samanborið við óendanleik al-yfirheimsins. . . . En því dýpra, sem ég sá þá skyggvast í leyndardóma sköpunarverksins, því meir óx undrun mín yfir vizku og almætti huga veraldanna, en vilji hans hefur komið því til leiðar, að á öllum hnöttum geimsins koma fram æðri lífmyndir á eftir hinum óæðri. En líkamir lífmyndanna laga sig sífellt að ríkjandi ástæðum þyngdarafls, orkubúskapar og vistfræði á hverjum hnetti fyrir sig.

Jafnframt hafði það komið skýrt í ljós, að sá hluti alheimsins, sem Magnar höfðu kynnt, og væntanlega alls þess víðheims, sem sá hluti tilheyrir, er enn í árdaga ævi sinnar, og að lífið sjálft getur aldrei glatazt — jafnvel þótt það taki sífelldum breytingum. Mér skildist sem að baki þróunar þess lægi alheimsáform.

... Og ég gladdist af þeim skilningi, að andi lífsins hefði af ásettu ráði ekki skapað neitt fullkomið heldur gefið hverjum einstökum lífsneista þann hæfileika, að fullkomna

sig í frelsi og með sjálfráðri ábyrgðartilfinningu. Á þennan hátt komast lífneistarnir nær því, sem vakir fyrir hinni guðlegu veru og líkjast henni sífellt betur.

Um leið og mér varð litið á Samana, skildi ég, að hann hafði, eins og aðrir Magnar, fyrir löngu náð því stigi, þar sem stjörnuskilningur og guðspekking sameinast, og vilji hins Eilífa talar beinna til tilfinninga hans og hjarta en okkar Jarðarmanna, á því bernskustigi, sem við erum.

En þó leiddi Samana undireins athygli mína frá þeim Mögnum og að Jarðarbúum og ég skynjaði þær hugsanir hans, sem styrktu trú mína:

„Gerðu þér ljóst og gleymdu aldrei því, að einnig mennirnir eiga sér alheimshlutverk og alheims-viðfangsefni! Allt eins og frummennirnir höfðu í sér falinn vísi til hins siðmenntaða nútíðarmanns, þannig á hann í sér vísinn að ofurmenni framtíðarinnar. Og í ofurmenninu blundar hugmennið og víðheimsbygginn, sem á komandi tímaskiðum mun vakna til sjálfs sín. Og enn mun sá vakna til þess að verða guðmenni og af honum vaknar sjálfur guð veraldanna.

* *

„Fyrir eða síðar“ hélt Samana áfram ræðu sinni „mun vakna með ykkur mönnunum það, sem við lærum hér undireins á barnsaldri: að hugsa um mikilleik heimsins, og að ná samvitund við allt sem er.

Þið munuð skynja innri nálægð guðs ekki síður skýrt en þið nú — meðan öll ykkar athygli beinist út á við — skynjið ykkar eigin líkama.

Vissulega er löng leið frá núverandi þróunarstigi mannsins til víðheimsvitundar Magna . . . og þaðan af lengra til yfirheims-fullkomnunar Satjanna. Þó eru ykkur mönnunum gefnir nákvæmlega sömu möguleikar og hæfileikar og okkur, til

Þess að komast á stig æðsta máttar, vizku og yfirburða . . .

. . . Eins og er, stendur mannkynið á frumstigi þróunar sinnar. En þegar það kemst á hátinda sína, mun það ríkja yfir sólhverfum — sem sjálfstæðir skapendur af hendi þess guðs, sem veit, að æðsti máttur er í því falinn að gegna og þjóna öðrum — með þeirri gleði sem fylgir því að hafa grun af hinum æðsta vilja.

Trygging þessarar óaflátanlegu þróunar upp á við, er hinn eilífi guðsneisti í hinu dýpsta eðli ykkar sjálfra, en sá neisti var til áður en sólar skópust og vetrarbrautir og verður alltaf til, því að hann er, eins og guð, hafinn yfir tíma og rúm.

* *

Það, hvornig Samana beindi athygli minni að því, að dauðinn verður sigraður og lífið eilíft, að því er tekur til hins varanlega í sjálfum mér jafnt sem öðrum, friðaði huga minn, og eftir því sem hugsanir hans streymdu til mín varð rósemi mín að fullvissu.

„Engin lifandi vera missir, við það að kasta líkamsbúningi sínum, neitt af innra sjálfi sínu, neitt af sínu eiginlegasta eðli. Eins og þetta eðli var til áður en líkaminn fæddist, þá er það einnig eftir að hann deyr . . .

. . . Dauði og líf geta hvorugt án annars verið. Hvort-tveggja tilheyrir ríki þess, sem skapast og hverfur. Dýpsta grunn eðlisins snerta þau ekki: Í þínu innsta eðli eru engin umskipti milli þess að hefjast og hverfa heldur aðeins sú svípstund sem aldrei líður.

. . . En einnig í ríki verðandinnar breytist ekki orkujafnvægið. Það sem hverfur, tapast aðeins til þess að endurnýjast í annarri og yngri mynd.

. . . Sífellu eru lífverur að vakna til lífsins á hinum ótal-mörgu hnöttum — í gormkenndri þróun upp á við frá einu

tilverustigi til annars, og breytandi sjálfum sér á leiðinni frá stjörnu til stjörnu. En í ljósi yfirvitundar eru þessar lífverur eilíflega hinar sömu.

Rúm, tími og dauði geta aðeins á ytra borði aðskilið þær verur sem saman eiga — ekki hið innra. Í ríki yfirvitundar er allt hvað öðru óaðskiljanlega tengt og sameinað.

Þessvegna geta engar geimvíðáttur aðskilið okkur Magnana. Engin tímabundin takmörk hindra okkur, og enginn dauði getur okkur nokkru svift. Ekkert getur rofið samband okkar við alheildina, því að allt, sem lifir, myndar órofa heild, óháða öllum gervitakmörkunum.“

Mér fannst ég verða þess áskynja, að Samana væri með hugsunum sínum að lyfta því sem ég hafði náð að skoða, á stig fullvissu. Nánari bendingar hans brugðu því, sem mig hafði áður óljóst órað fyrir, undir ljós skýrrar meðvitundar:

„Þú hrifst af för forfeðra okkar um víðáttur geimsins. En allt það tilheyrir liðnum tíma. Nú orðið þurfum við engra ytri hjálpartækja við til þess að geta verið nálægir þeim verum sem skyldastar eru okkur á öðrum hnöttum né til þess að dvelja með þeim eftir vild.

Samband okkar við þá, sem eru okkur skyldastir á öðrum hnöttum, hefur nú um langar aldir ekki byggst á neinum geimferðum eða öðrum ytri hjálpartækjum, heldur á huga okkar og vilja. Við brúum geimdjúpin ekki lengur á utanverðunni heldur að innan — samstilltir vilja hins Eilífa, en andi hans starfar í víðheimum, og jafnframt því ríkir hann í innstu hræringu huga okkar.

Hinar óendanlegu víðáttur geimsins, sem þú fékkst að skoða, og flestir jarðarbúar óttast enn að horfast í augu við, þær þýða í rauninni ekkert, því að þær eru gervimyndir . . . Í veruleikanum, í djúpi tilverunnar er allt eitt, þó svo að þúsundir og milljónir ljósára aðskilji það.

Þú ert nú vel farinn að vita um það, hvernig hugurinn getur verið hvar sem er. Við vitum af þessum yfirburðum hugans og neytum þess, hve máttugir þeir eru og stórkostlegir til að vinna bug á tálsýnum og takmörkunum.

Gagnstæðar millibilum geimsins og tímabilum tíðarinnar eru samvistir og samtímun hugar og vilja. Hinn allsstaðar-nálægi yfirheimur er það, sem gerir okkur kleift að byggja brýr yfir geimdjúpin milli stjarna og vetrarbrauta. Því að í yfirheimi eru engar fjarlægðir heldur eingöngu 'hér' og 'nú'.

Þessvegna eru einnig *Satjar*, sem drottna í eðlisríki yfir-alheims, æ og ævinlega hjá okkur, ef hugsun frá okkur snertir þá.

Í samanburði við þá erum við, hvað sem líður mætti okkar og vegsemd, ekki annað en undanfari hinnar fullkomnari líkömnunar guðlegra hugargneista, og eru þeir á þeirri leið, sem liggur til að gera sjálfan sig að veruleika og guði líkan, langt á undan okkur.

* *

Þessar síðasttöldu hugsanir, sem mér bárust frá Magnanum, gáfu mér enn með fyllsta skýrleik til kynna, hvernig allt líf er þrá eftir aukningu, hækkun í átt til hins eilífa og guðlega.

Sá skilningur færði mér gleði, að slíkri þrá mundi einnig verða svalað meðal okkar mannanna í svo ríkum mæli að glæstustu vonir okkar yrðu í samanburði við það að engu:

Og meðan ég beindi sjónum huga míns fullur lotningar að hinum ljómandi tindum guðlegrar sjálfsfullkomunar, bærdist með mér sú von, að fá að vita meira um verur þær sem Turiya hafði þegar minnst á við mig: og bera nafnið *Satjar*.

„Frá mínum bæjardyrum séð“ sagði ég í huganum við Samana, „eru Magnar guðlegir örlagavaldar, og ljóst er, að

einungis að mjög löngum tíma liðnum muni jarðarmenn ná þroskastigi þeirra. Hitt er mér nær óskiljanlegt að til séu enn æðri verur í alheimi, þær sem þú nefnir 'Satja'.

„Satjar” hljóðaði svar Samana, svo sem það kæmi til mín úr fjarska, „eru í óendanlegu alheimshafi skínandi sólna og gegnmagnaðs lífs, sjálfir geislandi stjörnur — sólr hins eilífa, þar sem eldur alheimsviljans logar glaðast . . .

. . . Þeir eiga heima í ríki hinnar æðstu víðáttu yfirtilverunnar, þar sem rúm, tími og líf hljóma saman og samstillast í ævarandi nálægð við guð — þar sem tilvera og meðvitund og alsæla, — eigin tilvera og tilvera alls annars er orðið að einu, þúsundfalt fullkomlegar en með okkur Mögnum.

En allt eins og vera, sem aðeins lifði í flötu blaði meгнаði ekki að skilja þrívíðan líkama, þá er yfirtilvera Satjanna þér sem stendur ekki skiljanleg. Það er ekki unnt að gera þér skiljanlegt, hvernig lýsandi vera hugsar og lifir, sú sem gerir sér alla hina óendanlegu alheima og yfirheima að lifandi *heild* . . . Þar er um að ræða veru, sem geymir í viljaafsvæði sínu vetrarbrautir vetrarbrauta . . .

Í þeim eru tvennskonar aðallögmál víðheimsins: hin kyrrvirku og hin aflfræðilegu, sameinuð: Á annan veginn eru þeir sífellt að ná æðri skoðun á hinu guðlega, á hinni sólbjörtu guðsmynd innri sjónar og samstillingu við vilja hennar . . . og á hinn bóginn eru þeir furðulega fullkomnir í því að skapa með hinum Eilífa: Alvaldar eru þeir, hugsterkir heims-sköpuðir, og í huga þeirra verða áramilljónir að örskotsstundum . . .

. . . Í snertingu okkar við yfirvitundarríki þeirra höfum við Magnar lært að sjá með augum þeirra: hvernig jafnframt tímabundnum tilverumyndum er einnig fyrir hendi frá fyrstu byrjun yfirtilvera óbundin af tímanum en útgeislanir hennar fela í sér líkamsbundna tilveru okkar, þá sem enn er . . .

En í hinu dýpsta eðli okkar eigum við rætur í þessari svipstund og sameiginlega stað alverunnar, og í ljósi eilífðarinnar lítum við á allt hið stundlega einungis sem tákni og bendingar hins æðsta. En þó er það allt nauðsynlegt sem hluti af því, hvernig hið guðlega birtir sjálft sig í okkur. En fyrir hinu guðlega er tíminn ekki neitt og hinn óendanlegi herskari víðheima og yfirheima aðeins hugsun hinnar æðstu veru . . .

. . . Að ganga út í þetta takmarkalaus frelsi hins óumbreytanlega er byrjun þess að komast á stig yfirtilveru, en á þeirri leið fela einstök stig vitkunarinnar í sér þúsundfalt meiri dásemdir og sælu en hin líf- og heimsfræðilegu þróunarstig, sem við eigum að baki okkur . . .

Vegur þróunarinnar, sem við Magnar höfum að baki lagt, er svo sem ekki neitt í samanburði við eilífðarbraut Satjanna, sem liggur upp í ljóshaf yfirheimsins, það sem jafnvel slær ofbirtu í augu okkar, sem vön erum guðlegu ljósi . . .

Ógerningur er að setja 'fram' það sem gerist á æðstu stigum eilífðarbrauta, með hugsunum og hugtökum því að slíkt stendur á bakvið allt, sem kemur 'fram' . . .“

Hamingja fullvissunnar

Það sem í síðasta sambandi mínu við Magnana olli mér kvíða og hryggðar, var það ákveðna hugboð, sem ég hafði um það, að sambandið væri óðum að þverra. Það var eins og mér væri ætlað að láta mér nægja þetta, sem mér þegar hafði verið leyft að skoða, til þess að ég gæti beint hugsun minni og lífurni í rétta átt . . .

Enda þótt þrá mín stæði öll til þess að halda sambandinu við Magnana, sem ég var svo hjartanlega þakklátur fyrir, lauk þessari reynslu minni jafn skyndilega og hún hafði byrjað.

. . . Nótt eftir nótt vonaði ég að sýnirnar myndu koma aftur. Þó var mér fyrirmunað að nálgast að nýju hina fengnu reynslu af eigin rammleik.

Söknuður og angurværð fylltu huga minn, þegar ég varð að lokum að gera mér fullkomlega ljóst, að sambandinu yrði ekki aftur komið á af minni hálfu.

En ég var að sama skapi þakklátur fyrir það sem mér hafði verið veitt að sjá — og þó mest fyrir það, að hin snöggu hugarleiftur um nærveru guðs í heimi sólna og jarða höfðu kennt mér að skynja hina sömu nærveru hið innra með mér og vita af mínum innra auði.

Hvað gjöf hefði ég getað þegið dýrmætari en þessa: hina þríþættu reynslu þess, að guðdómurinn birtist jafnt í öllu því, sem í alheimi gerist, og yfir því; að innsta eðli mitt er óaðgreinanlegt frá innsta eðli tilverunnar; og að verurnar í alheimi standa á hverju þroskastiginu öðru hærra. Í þeim þroskastiga standa reyndar 'Guðirnir á Síríusi' — eins og ég reyndar nefni þá enn — meðal þeirra mannkynja, sem

jarðneskir hugir megna enn í minnsta lagi að gera sér grein fyrir.

... Það kunna að líða langar aldir þangað til við mennirnir komumst á slíkt stig . . . En það hið endurtekna fyrirheit styrkir og gleður hjarta mitt, að þar mun koma að þetta verði, ef við stefnum staðfastlega að því marki að verða meir-en-menn.

Vera má, að meir-en-menn hins nýja tímaskeiðs eigi eftir að líta á okkur, sem enn erum svo fávísir og ófriðsamir, eins og við lítum nú á Neanderthalsmenn . . . En samt erum við forfeður og fyrirrennarar ofurmenna og hugmenna framtíðarinnar. Komandi fullkornun þeirra á þegar frumdrög sín í okkur, eins og við erum nú.

Já, sem börn veraldaviljans berum við alla þá krafta og gjafir í okkur, sem munu verða okkur til hjálpar að gegna því heimshlutverki og hinu guðlega fullkornunarhlutverki, sem okkur er fyrir sett.

Ólýsanleg er sú gleðitilfinning, sem vaknar af því að vita, að erfiði og barátta mannfólksins er ekki til ónýtis, heldur leiðir hún til þess, að hið sanna heimsvor mun hefjast, það sem hina göfugustu mannvini á Austurlöndum og Vesturlöndum hefur frá öndverðu dreymt um, þráð og boðað!

* *

Maðurinn líkist vissulega sjálfum vísindunum, en þau eru, eins og ágætur fulltrúi þeirra hefur sagt: 'eilíf af uppsprettu sinni, ómælanleg af stærð sinni, og óendanleg í viðfangsefnum sínum':

Fyrir okkur öllum liggur sú framtíð, sem verður fær um að njóta fegurðar og frelsis og þeirrar sjálfsfullkornunar, sem okkur er öllum í brjóst lagt að leita eftir.

... Fjöll jarðarinnar munu í rás áramilljónanna veðrast

og molna, og eftir enn lengri tímabil munu þau sléttast út . . . meginlöndin munu breyta um lögun . . . eyjar munu rísa úr sæ . . . aðrar munu sökkva. En mannkynið mun lifa — og framtíðarleið þess liggur til æ meiri fullkomnunar. Enginn tegundadaudi, engir heimsbrunar munu geta stöðvað þá framsókn né eytt verkum þessa mannkyns, — nema það geri það sjálfst . . .

Og ef jörðin á það fyrir sér að veltast áfram í líki stirðnaðs, koldimms, líflauss hnattar um auðnir geimsins, mun mannkynið þó fyrir löngu hafa fundið sér staði til vaxandi fullkomnunar á ungum, fögrum stjörnum hins víða geims.

Þessa vissu þakka ég sýnum mínum:

Lífverur og hnettir skapast og eyðast . . . Þúsundir og milljónir ára líða . . . en lögmál hinnar óstöðvandi þróunar til hins æðra, samstillingar og fullkomnunar alls lífs í alheimi — þróunin upp á við — starfar óaflátanlega.

Við höfum meiri tíma fyrir okkur en jörð sú, sem ól okkur af sér. Allar verur á hinum ýmsu hnöttum eiga sér lengra líf en hnettirnir, sem eru þeirra heimkynni — ef þær falla ekki í freistni hins vaxandi valds yfir náttúrunni og eyðileggja lífsgrundvöll sinn og sjálfa sig . . .

Slíkt er það fyrirheit, sem ætti að hvetja okkur til að ganga fullir trúnaðartrausts, með vaxandi skilningi og ábyrgðartilfinningu til móts við hina óendanlegu, sífellt glæsligrí framtíð.

* *

En þetta er það, sem mér var í sambandinu sagt, að treysta mætti með vissu:

Jarðarmannkyn okkar er furðulega ungt og lífsöflugt. Heimsdagur þess er naumast hafinn. Sífelld, hækkandi frambróun bíður þess, og óendanlegur varanleiki.

Hvenær við verðum að sannlega lifandi, stjarnfleygum, skapandi þátttakendum í samfélagi alheimsins, er undir okkur sjálfum komið.

Hver einn ber ábyrgð á sinni löngu leið um heima og geima — og einnig á örlögum samferðarmanna sinna . . . Og hver einstakur á kost á því að stytta og auðvelda sér þróunarleiðina um stig sjálfsvitneskjunnar, sjálfsvitnustunnar og guðsnálægðarinnar og lyfta sér þannig á fullkominarstig Magna og þangað sem enn betur er . . .

* *

Það sem veitti mér endurnýjaða gleði, mörgum árum síðar, var að komast að raun um, að á undan mér höfðu margir aðrir, einkanlega dulspekingar og fræðarar, höfundar helztu trúarbragða sagt frá og boðað líka vitneskju og þá sem mér hafði hlotnast, — og reyndar einnig heimspekingar eins og Immanuel *Kant*, sem þessi orð hefur skrifað:

Mundi hin ódauðlega sál mannsins, sem óendanleg tilvera er fyrirbúin — og þeirri tilveru haggar gröfin ekki, heldur aðeins breytir hún henni — eiga það fyrir höndum að vera sífellt fastbundin við þennan agnardepil alheimsins, við þessa *Jörð* okkar? Mundi hún aldrei verða þess aðnjótandi að mega skoða nánar hinar ýmsu furður sköpunarverksins? . . . Hver veit nema henni sé það fyrirhugað, að koma á þessa fjarlægðu hnetti geimsins, sem vekja okkur svo mikla forvitni úr fjarska séðir, og skoða þar sjálf það, sem ágætast er í gerð þeirra og búskap lífsins?

Þessari spurningu heimspekingsins hefur nú með því, sem mér hefur vitrazt, verið svarað játandi.

Þessar fjarlægðu stjórnur, sem þrá okkar hefur leitað til um þúsundir ára, hafa nú boðið okkur velkomin til sín (hafa nú kallað til okkar að við séum velkomin). Margar þeirra kunna áður að hafa verið bústaðir okkar mannanna, sam-

kvæmt því sem mér fannst eftir að mig hafði dreymt þann draum, sem ég sagði frá hér í upphafi . . .

. . . Það sem þær fullvissa okkur um, er, að takmark okkar allra verður, í rás þróunarinnar, að vaxa upp úr dvölinni á þeim barnaleikvelli lífsins, sem jörðin er og verða að alvitandi og máttugum íbúum alheimsins!

Æðri og gleðilegri vissa er ekki til en þessi, að einnig við mennirnir erum niðjar geysilega stórkostlegrar alheimsættar og heildar — og til þess kallaðir að færast sífellt nær því, sem er upphaf allrar veru, anda lífsins . . . að hefjast stig af stigi til að ná sífellt betri tökum á lífi og tilveru og fullkomnun sjálfra okkar . . .

. . . að sérhver okkar er burðarás og upphafspunktur óendanlegs þróunarstiga, sem felur í sér furðulega möguleika og dásemdir, sem í rás tímanna munu ná að skapast og þroskast.

að allar þær þróunartilhneigingar sem blunda í eiginleikum okkar, jafnt andlegum sem líkamlegum, munu í rás tímans breytast úr möguleikum í veruleika . . .

að sérhver dáð og þráð hugmynd okkar um æðstu fullkomnun mun einhverntíma ná að birtast í lífi og lögun, sem henni samsvarar . . .

. . . að stjörnurnar, heimkynni vina okkar í fjarska geimsins, sem senda okkur kveðju sína í geislagliti, boða okkur greinilegar en nokkur orð eilífð anda okkar og mikilleik hlutverks okkar!

Þó svo að þúsundir og milljónir ára líði, þá munum við að lokum standa við takmark fullkomnunarinnar. Því að við erum í eðli okkar meiri og stærri en hin óendanlega leið okkar gegnum rúm og tíma. Við erum til þess kallaðir og gerðir að kynnast fjölda hinna byggðu hnatta, ekki aðeins með seinvirkum aðferðum stutts æviskeiðs á einni plánetu,

heldur eigum við að líta þá frá sjónarhæðum guðlegra vera. Við eigum að vera okkur meðvitandi sem skapendur ásamt guði veraldanna og við eigum að stuðla að fullkomnun þeirra. — Að lokum, þegar náð er því, sem við að svo komnu máli getum kallað endimark alheimsferðalags okkar . . . þegar tilganginum með viðfangsefnum okkar er náð . . . munum við hverfa aftur til hins logandi hjarta veraldaguðsins.

Hver var E. O. Schmitt?

Þessi er lýsing frá þessum afvörð, þessum afvörð
Hilfingur, fæddur ári 1881, sonur af þessum
í Skóki, og ein af þessum þessum afvörð
Hilfingur. Þu hefur einn
vandræðislegan afvörð afvörð
þessum þessum

Eftirmáli þýðanda

Þessi er lýsing frá þessum afvörð, þessum afvörð
Hilfingur, fæddur ári 1881, sonur af þessum
í Skóki, og ein af þessum þessum afvörð
Hilfingur. Þu hefur einn
vandræðislegan afvörð afvörð
þessum þessum

—Lýsing frá þessum afvörð, þessum afvörð
Hilfingur, fæddur ári 1881, sonur af þessum
í Skóki, og ein af þessum þessum afvörð
Hilfingur. Þu hefur einn
vandræðislegan afvörð afvörð
þessum þessum

Hver var K. O. Schmidt?

Þessu er í fyrsta lagi þannig að svara, að hann var þýzkur rithöfundur, fæddur árið 1904 í bænum Laboe við Flensburg í Slésvík, og átti til danskra forfeðra að telja eins og margir Slésvíkurbúar. En hann lézt í borginni Reutlingen í Suðvestur-Þýzkalandi að kvöldi þess 21. desember 1977, og hafði hann þá búið á þeim slóðum í meir en 50 ár, og átti að baki sér nærri því jafnlangan rithöfundarferil. Reyndar hafði hann aldrei verið starfsamari sem rithöfundur en þegar hið óvænta fráfall hans bar að. Bókum hans er stundum skipt í þrjár höfuðgreinar: 1. Þær sem miða að kynningu á dulfræðilegum og heimspékilegum ritum, austrænum og vestrænum, fornum og nýjum. 2. Lífs-leiðbeiningabækur í ætt við þær, sem mikið eru nú lesnar víða á Vesturlöndum, og eiga að auðvelda fólki að gera sér efnivið úr hversdagsleik samtímans. 3. Bækur, sem varða tilgang lífsins og þroskun hæfileikanna með framtíðarmarkmið fyrir augum. Lífsspeki, dulspeki og heimspeki eru þannig aðalviðkvæðin í þeim fjölmörgum ritum, sem K. O. Schmidt hefur skilið eftir sig. Varð hann af þessu vinmargur og vinsæll, bæði sem rithöfundur og sem maður, og sóttu margir styrk og ráð til hans, sem illa hafði gengið að finna sér viðfangsefni í lífinu.

Líklega hefði þó ekkert af þessu megnað að vekja verulegan áhuga þess, sem þetta ritar, á honum, ef ekki hefði komið annað til. K. O. Schmidt hafði fyrir allmörgum árum skrifað almenna fræðslubók um stjörnufræði, sem hann nefndi „Stjarna meðal stjarna“ (Stern unter Sternen) og er hún, eins og margar bækur um það efni frá síðari árum,

miklu jákvæðari gagnvart hugsun um líf á öðrum stjörnum en bækur um sama efni voru áður. Höfundurinn heldur fram lífi á öðrum stjörnum og leitast við að setja stjörnufræðina í samband við eðli og hugsun mannsins sjálfs. Af þessu hefði mátt ætla, að einhver glöð sannfæringar um „annað og meira“ brynni að baki áhuga hans á að fræða um þessi efni. Enda fór það svo, í framhaldi af „Stjörnu meðal stjarna“, að áður en K. O. Schmidt lyki ævi sinni, átti hann eftir að birta lesendum sínum nokkuð það, sem hann hafði lengi og vel geymt í fylgsnum huga síns.

Árið 1976 kom út á forlagi G. E. Schröders (Kleinjörll við Flensburg) bókin *Guðirnir á Síríusi* eftir K. O. Schmidt, og meðal annars vegna þess, hve kunnur og vinsæll höfundurinn var þá þegar orðinn, fjölgaði lesendum brátt, enda var þetta hið mesta afkasta- og útgáfuár á rithöfunduferli hans. Í „Guðunum á Síríusi“ segir hann frá furðulega stórkostlegum vitrunum, sem fyrir hann bar á barnsaldri, það er á tólfta árinu (1915) og síðar endurnýjuðust að nokkru árin 1927 og 1941. Um 60 ára skeið þagði K. O. Schmidt nær því gersamlega yfir þessum auði huga síns, meðan enn var langt í land, að menn væru því viðbúnir að veita viðtöku slíkum boðskap. Tilraunir hans til að klæða þessa reynslu sína í einhvern þann búning, sem samtíðin viðurkenndi, höfðu líka reynzt árangurslausar. Enda fór svo, að þegar hann loksins gat komið sér að því að láta þetta frá sér fara, þá var það með því að gera hreint fyrir sínum dyrum og segja söguna eins og hún hafði komið honum fyrir, án alls bókmentalegs klæðnaðar. En þetta gerðist, eins og að ofan greinir, árið 1976, og mátti varla seinna vera, því rúmu ári síðar var K. O. Schmidt látinn. Kom það þó mörgum á óvart, því að hann hafði starfað með fullri orku til hinztu stundar.

Úr ævisögu K. O. Schmidts skal fátt eitt rakið hér, enda

mun hún ekki hafa verið viðburðarík á yfirborði. Hann var alla tíð einn þeirra, sem Þjóðverjar nefna „die Stillen im Lande“, en það eru hóglátir og góðviljaðir menn, sem vinna þjóðfélaginu og einstaklingunum gagn í kyrrþey, án yfirborðs-skarkala, og má þeim jafna við þessa, sem Forn-Íslendingar nefndu spaka menn eða spekinga. En það orð þýðir, eins og merking þess ber með sér: hæglátir menn og vel stilltir. En það að vera vel stilltur, leiðir einmitt af þessu sambandi við lengra komna íbúa stjarnheimsins, sem K. O. Schmidt lýsir svo aðdánlega í bók sinni um „Guðina á Síríusi“.

K. O. Schmidt menntaðist í fyrstu til þess að verða bóksali eða stjórnandi fyrirtækis af slíkri gerð, og kom það honum að góðu haldi í sambandi við lífsstarf sitt, sem var að fræða og mennta góða lesendur með þeim bókum, sem hann skrifaði. Hann ávann sér ýmsar heiðursnafnbætur sem lærdómsmaður og rithöfundur, en hélt slíku lítt á loft, og aldrei safnaði hann veraldarauði, heldur var hitt lengi, að hann kostaði sjálfur útgáfu bóka sinna. En það breyttist þegar aldur færðist yfir hann. Þá fór að verða arðvænlegt að gefa út bækur hans.

K. O. Schmidt giftist ekki og átti ekki börn, enda mun maður með lífsstefnu slíka, sem hann markaði sér, naumast hafa átt margra kosta vöð um tekjuöflun og aðra aðstöðu á þeim umbrotasömu árum, sem gengu yfir fyrri hluta ævi hans. Á stríðsárunum sat hann um tíma í fangabúðum vegna einhvers, sem hann hafði sagt eða ritað, og jafnframt var bókaútgáfufyrirtæki hans lokað. Borgarstjóranum í Reutlingen tókst þó síðar að fá hann lausan, og lofaði að koma honum fyrir við það að „sleikja frímerki“, svo að „þessi Schmidt geti ekki lengur gert neitt af sér“. En ekki leið á löngu, áður en áhrifa hans og þekkingar færi að gæta þarna til góðs, og eftir stríðið átti hann góðan hlut að uppbyggingunni, einkum

á sviði bókasafna og listasafna Reutlingenborgar. Borgarbóka-
vörður og borgarsagnfræðingur var hann þar til ársins 1969,
að hann lét af störfum fyrir aldurs sakir.

K. O. Schmidt var alla ævi mjög fús til starfa fyrir aðra,
og ýmsar voru þær andlegu hreyfingar, sem hann studdi með
ráðum og dáð. Hann var einn hinn fyrsti til að kynna lækn-
ingahreyfingu Emils Coué hins franska á millistríðsárunum
í Þýzkalandi. Í guðspekiahreyfingunni starfaði hann lengi, í
esperantóhreyfingunni, í friðarhreyfingum þeim, sem hann
taldi þess verðar að styðja þær, og lengi studdi hann mjög
þá hreyfingu, sem kennd er við „nýja hugsun“ (New
Thought), án þess þó að gerast henni skuldbundinn. Í Suður-
ameríku er hann kunnur sem friðarrithöfundur, í Japan sem
lífsspekingur. Hann átti mjög auðvelt með að komast í sam-
band við leitandi og hugsandi menn af ýmsum þjóðernum,
og styðja starf þeirra, en þó leit hann jafnan fyrst og fremst
á sig sem Germana — þrátt fyrir allt sem á undan var gengið
— og sýnir það bezt innri styrk hans og sannan drengskap.

Eins og margir hugsandi Þjóðverjar horfði Karl Otto
Schmidt — en svo hét hann fullu nafni — mjög til Norðurs-
ins eftir því, sem koma skyldi. Og ein hin mesta gleði hans
á efri árum var það, þegar vinum hans A. R. Walther og
P. Götz tókst að koma verkum hans verulega á framfæri í
Svíþjóð, um 1972—'73, og var hann þeim innilega þakklátur
fyrir þá dáð. — Mikil vinátta var með honum og hinni
ágætu Elizabeth Kyber v. Boltho, sem enn býr háöldruð í
Heilbronn, og manni hennar, Manfred Kyber, dýrasagna-
höfundur.

Árið 1971 lagði K. O. Schmidt leið sína til Íslands,
en varð að nokkru fyrir vonbrigðum, því honum fannst
liggja hér í landi einhver deilukenndur ættvíga-andi, en þó
spáði hann, að úr því myndi rætast og Íslendingar myndu

ná hinni réttu stefnu. Hingað horfði hann, og hingað leitaði hans dýpsti grunur, en sennilega hefur enginn, sem hann hitti, getað sagt honum frá því, að kenning, sem líktist hans eigin, væri hér fyrir löngu komin fram.

En dálítið athyglisvert er það, og eins og í ætt við fyrirheit, að sama árið og bókin hans um guðina á Síríusi kom út í Þýzkalandi, skyldi hér á landi vera gefin út bókin „Astrobiology“ sem stefnir að nokkuð líku marki. Langa og furðulega orsakakeðju er að rekja frá því að báðar þessar bækur komu út, þangað til höfundur hinnar síðarnefndu frétti af hinni fyrrnefndu og komst í samband við þá, sem nú halda áfram verki K. O. Schmidts að honum látnum.

Hvað er sannleikur?

Í fyrsta lagi spyr hugur manns: Getur það verið, að heimurinn, og guð alheimsins, sé svo stórkostlegur, djúpur, og nátengdur eðli okkar sjálfra sem þarna er sagt? Mér finnst, að enginn geti svarað þeirri spurningu neitandi, því að með því væri hann eða hún að smækka sjálfan sig. Í öðru lagi spyrjum við: Á hverju er stætt? Hvaða einstök atriði í frásögninni er hægt að benda á og taka þau trúanleg? Ég nefni fyrst eitt atriði, en það er draumur sá hinn minnisstæði, sem höfundinn dreymdi nokkru á undan stór-vitrunum sínum. Ég vona, að flestum sé ljós sá skilningur, að „vitrun og draumur er náskylt“. Í draumnum lýsir hann för sinni um furðulega burknaskóga, þar sem hann er eltur af skriðdýri

nokkru. Nokkrum árum síðar rifjast draumurinn upp fyrir honum í jarðfræðitíma, og hann kallar til kennarans: „Ég hef hrasað um svona tré“, en kennarinn gerir gys að honum. Það er hinsvegar ekki erfitt að sjá, hver er skilningur K. O. Schmidts á þessari reynslu sinni: honum dettur helst í hug, að hann sé endurborinn íbúi þessara frumaldarskóga, og að draumurinn sé *minning*. Öllu einfaldari og nærtækari er sú skýring, að draumurinn sé tilkominn fyrir *hugsamband* við íbúa hnattar, þar sem slíkir skógar og skriðdýr eru *nú* að þróast. Því betur sem mönnum verður ljóst, að draumar eru ekki minningar, heldur viðbrögð við skynáhrifum líkt og í vöku, því sennilegri mun þeim þykja síðari skýringin.

Annað atriði þessu skylt, sem snertir þó meir kjarna frásögunnar, er þetta (bls. 13): „Það undarlegasta, og það sem eftir á og jafnan síðan hefur vakið mér mesta furðu, var það, að við hinu séða og lifða í vitrunum þessum brást ég ekki sem *barn*, heldur sem *fullorðinn maður*“. K. O. Schmidt gerir þarna eðlilega ekki greinarmun á *sér* og *sambandsgjafanum*. Hann heldur alltaf, að það sé hann sjálfur, sem farið hafi á annan hnött og talað þar við Samana, Ljana og Turiya. En hitt dylst honum, að öll þessi reynsla er honum komin fyrir þann samruna meðvitundanna, sem ævinlega verður í leiðslu og dvalaástandi jafnt sem í venjulegu draumástandi, enda verður þá líka augljóst, að þessi sambandsgjafi hans hefur verið, ekki barn eins og hann sjálfur, heldur fullorðinn, vel þroskaður maður. Það er þessi vel þroskaði sambandsgjafi, sem K. O. Schmidt dettur aldrei í hug að til hafi verið, öðru vísi en sem einhverskonar „innri maður“ sín sjálfs. Þroski og yfirburðir þessa „innri manns“ eru honum sífellt ráðgáta, og út frá þessu leiðist hann til þess að fara að trúá því, að hann hafi lifað áður. Varpar þetta skýru ljósi á uppruna endurburðarkenningarinnar, fyrir og síðar, með ýmsum þjóð-

um, vegna þess hve ljóst og hreinskilnislega er frá sagt. En þó tekur K. O. Schmidt það fram á gamals aldri, að enn sé sér þessi reynsla jafnmikið undrunarefni og í fyrstu, jafnvel meira undrunarefni er allar hinar stórfenglegu stjarnsýnir, og ber þetta því glöggan vott, að „skýring“ endurburðarins hefur ekki fullnægt honum alls kostar. En hitt var ekki nema eðlilegt, að manni, sem var fyrst og fremst viðtakandi áhrifa, eins og K. O. Schmidt var, tækist ekki að uppgötva þetta undirstöðueðli sambandsins. „Sambandseðlið varð jarðarbuíinn frammar öllu öðru að uppgötva sjálfur, því að öllu öðru var auðveldara að koma í gegn en einmitt þessu“ (Þ. J. á Úlfstöðum: *Tunglsgæislar*, s. 114). Þegar þessa er gætt, tel ég fullkomlega stætt á aðalatriðunum í frásögn K. O. Schmidts, sem vitneskju fenginni fyrir samband við íbúa annars hnattar.

Væri ég hinsvegar spurður þeirrar markvissu spurningar, hvort ég sé viss um að hnöttur sá, sem hann hafði samband við, hafi í raun og veru verið reikistjarna í nánd við Sírius, þá hlyti svar mitt að verða nokkru óákveðnara. Ýmsir hafa fyrir og síðar talið sig vita tíðindi frá Síriusi eða orðið tíðrætt um hann í slíku sambandi, þeirra á meðal Voltaire, Kant, Hölderlin og e. t. v. Huygens, en þetta er allt þess eðlis að það miðar meir til að lyfta huganum en að gefa fastar undirstöður. En hitt er víst að lýsing K. O. Schmidts á tvísólhverfi því, sem hann kennir við Jíva, Anú og Maha kemur ágætlega heim við það, sem stjörnufræðin veit um Sírius (Sírius A) og fylgisól hennar (Sírius B). Fremur ólíklegt hygg ég þó, að aflfræðingar telji, að reikistjarna geti gengið í lykku um báðar sólinnar, enda er frásögnin þarna ekki mjög ákveðin, og getur vel samrýmzt því að reikistjarnan gangi aðeins um aðra sólina. — Það er hægt að segja, að fyrir almennt gildi frásagnar K. O. Schmidts hefur það ekki mjög mikla þýðingu, hvort samband hans var við Sírius eða við eitthvert annað

sambærilegt tvísólhverfi, en hinsvegar væri það frá öðrum sjónarmiðum stórkostlegur ávinningur að geta komið að fastri, vel rökstuddri niðurstöðu um það, hvaða hnött væri fengið samband við hverju sinni.

Eitt atriði er það í sögu K. O. Schmidts, sem ég verð að gera athugasemd við. Hann hefur það að nokkru eftir Turiya, og kallar það þó einnig skilning sinn (Einsicht), að *mannsmyndin* sé tiltölulega fágæt í þróun lífsins á hinum ýmsu hnöttum. Þetta er að nokkru leyti í mótsögn við þá sögn hans, að heimsríki Magna nái yfir milljarða sólhverfa. Og ólíklegt er, að stjarnfræðileg nálægð sólhverfa hafi nokkur úrslitaáhrif á það, hvaða mót lífsmyndirnar taka á sig. Samanber til dæmis það, að frumefnin eru alls staðar hin sömu. Það mætti telja mörg rök fyrir því, líffræðileg, að *mannsmyndin* sé grundvallarform í tilverunni, miklu meir en t. d. hestmyndin eða músarmyndin. Hin fyrstu spendýr voru líkari manni en mús, og hin fyrstu froskdýr á landi höfðu sköpulag, sem undireins minnir á manninn, en er ólíkt þeim skriðdýrum og froskdýrum, sem síðar komu fram. Hinna rauði þráður eða bein lína ættartölu lífsins á jörðu hér fylgir drögnum til *mannsmyndar* furðu nákvæmlega. Og í ljósi lífsambandsins er öll ástæða til að ætla, að þeim drögum hafi verið mjög víða verið fylgt. Kenning biblíunnar um það, að guð hafi skapað manninn í sinni mynd, fær eindreginn og óvæntan stuðning af því, sem stjörnulíffræðin hefur til málanna að leggja, um framþróun lífsins á hinum óteljandi hnöttum.

Hvað á vantar

Varla minnst ég þeirrar bókar erlendrar, sem meiri ánægju hafi vakið mér en þessi litla bók eftir K. O. Schmidt, og stendur það auðvitað í nánu sambandi við, ekki aðeins hina ýmsu almennu kosti hennar sem bókar, heldur allra helst það, hve nálægt er hér farið sumum aðalatriðum íslenzkrar heimspeki. Sum orðatiltæki eru meira að segja á þýzkunni nærri því hin sömu. Beint eða óbeint koma hér fram, ekki aðeins fjölmörg þau fræðiorð, sem mynduð hafa verið í sambandi við áminnsta heimspeki, heldur einnig lýsingar frá öðrum hnöttum, sem mjög ber saman við það, sem áður hefur verið leitt í ljós með samanburði vitranarita, hér á landi. Og hin stórkostlega útsýn um víðgeiminn og hver endimörkin öðrum fjarlægari er nú einmitt það, sem allra bezt samrýmist stefnu Brúnós á 16. öldinni og stefnu Helga Pjeturss á hinni 20. — stefnu, sem lengi virtist einskis framgangs ætla að verða auðið á stjörnunni Jörð, snauðri af æðri markmiðum.

En einmitt vegna þess, hve sú kenning, sem birtist í frásögn K. O. Schmidts er góð, vaknar athyglin á því, í hverju henni kynni að vera áfátt. Ég hef hér að framan rakið, hvernig misskilningurinn á sambandinu sjálfu leiðir af sér annan misskilning, sem er endurburðartrúin. En bein afleiðing af þeirri trú er sú, að ekki næst skilningur á skiptingu lífsins í alheimi í frumlíf og framlíf. Og vissulega verða hin glæsilegu fyrirheit K. O. Schmidts um komandi framþróun fátæklegri í viðjum endurburðartrúarinnar, en þegar þau eru skoðuð í ljósi framlífs á öðrum hnöttum.

Annað, sem vantar nær algerlega í kenningu K. O.

Schmidts, er skilningurinn á mismun helstefnu og lífstefnu. Orðin og hugtökin þekkir hann ekki. Hann virðist gera ráð fyrir, að allt stefni rակleitt og snurðulítið í átt til fullkonnunar, í framþróun lífsins. Betur að satt væri, liggur við að maður hljóti að segja, þegar horft er á ástand eins og það, sem blasir við hér á jörð. Þó verður guð alheimsins ennþá miklu meiri og tignari, þegar ljóst verður, hversu ægilegt viðfangsefni hans er. Að sigra helstefnuna er hið guðlegasta verkefni, og sá sigur getur ekki orðið án þekkingar. En bók K. O. Schmidts er reyndar eitt af meiriháttar skrefum í átt til þeirrar þekkingar, sem allra mest er þörfin á.

Þorsteinn Guðjónsson.

PÚ MIKLI GUÐ —

TILEINKAÐ K. O. SCHMIDT

Pú mikli guð, sem milljarð lifðir ára
og milljarð ljósár slærð í einum skára:
einn geisli þinn um grímu kalda og svarta
greiddi sér þrönga leið að rót míns hjarta.

Pú bauðst mér heim að bjartra sólna skini
þar blessun lífs þíns göfgar himins syni.
Ég mátti skiljast við og vesöld hafna.
Vitandi skyldi' ég kostum saman jafna.

Ég skildi allt, en skyggndist um og þagði,
skugga ég kulda yfir hug minn lagði:
Ef hyrfi' eg sæll að himnaljósi skæru,
hvað mundi verða um þá sem eftir væru?

Ég tók það ráð að rifta engum gríðum.
Reyna ég skyldi' að fylgja Jarðar siðum,
reyna að yrkja eftir Jarðar hætti,
efla fram vit og skyn með þínum mætti.

Því hvað er ein ævi í himins breiða skára?
Og hvað eru nokkrir tugir Jarðar-ára!

P. G.



K. O. Schmidt veitir
viðtöku heiðursviður-
kenningu Sambands-
lýðveldisins Þýskalands
fyrir ritstörf sín
(Reutlingen 1972).
Bækur hans hafa komið
út í milljónum eintaka
og verið þýddar á fjöl-
mörg tungumál.